



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Gleðilega páska!



5 694110023513

Fimmtudagur

5. apríl 2012
14. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17

Ævintýri á Indlandi

Á meðan hörðustu vetrarveðrin herjuðu á landsmenn dvöldust Sunna Dís Másdóttir, blaðamaður á Bæjarins besta, og Atli Ottesen, kokkur og Vagnsstjóri, í góðu yfirlæti á Indlandi. Á miðopnu í dag má lesa ferðasögu þeirra hjúa, þar sem koma fyrir skógi vaxin fjöll og eyðimerkur, heilagir fílar, búddamunkar og vinalegur bandíti...



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐinni
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi



Fjölbreytt starfsemi á Suðurtanga

Í drögum að deiliskipulagi fyrir hafnar- og iðnaðarsvæðið á Suðurtanga á Ísafirði kemur fram að skapa eigi rými fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi sem sækir styrk sinn í nálægt við hafnaraðstöðu, en renni um leið styrkari stöðum undir rekstur hafnarinnar. Stefnit verður að því að auka hafnaraðstöðu bæjarins og bæta hana, ásamt því að styrkja núverandi atvinnusvæði á Eyrinni. Hafa skal í huga að skipulagssvæðið sem um ræðir er innan marka deiliskipulags fyrir Ísafjarðarhöfn sem staðfest var árið 1995. Þetta deiliskipulag hefur tekið þó nokkrum breytingum í gegnum tíðina, en nýtt aðalskipulag var staðfest 31. mars 2010.

Þar er gert ráð fyrir fjölbreytt-

ari landnotkun heldur en áður og byggir sú ályktun á niðurstöðum rammaskipulagstillögu sem unnin var árið 2005. Þar komu fram allmiklar breytingar, og var lögð áhersla fjölbreyttari nýtingu heldur en áður var gert.

Núverandi deiliskipulag snýr að skipulagningu á öllu landinu neðan við Ásgeirsgötu á Suðurtanga. Skipulagssvæðið sem um ræðir nær yfir helsta nýbyggingarsvæðið á Eyrinni en þar er fremur lítil starfsemi í dag. Skipulagshópur á vegum Ísafjarðarbæjar leggur til að svæðið skuli nýttast hafnsæknum iðnaði næst höfninni og almennum iðnaði fjær henni. Áætlað er að lengja hafnarkantinn til suðurs, og auka um leið landrými um 3ha með land-

fillingu. Landfylling er nauðsynleg til þess að auka landrými og hafnaraðstöðu.


Gert er ráð fyrir 33 lóðum á svæðinu, þar af 17 lóðum fyrir hafnsækna starfsemi. Skipulagshópurinn leggur áherslu á hreinlega starfsemi og snyrtilega umgengi á lóðunum fyrir hafnsækna starfsemi, svo ímynd hafnarinnar fyrir hágæða iðnað eflist. Nefndin gerir sömuleiðis ráð fyrir því að starfsemi á svæði lóða fyrir almennan iðnað, sem eru 14 talsins, valdi ekki sjón-,lyktar-, né hljóðmengun. Í því sambengi beri að huga að nálægð svæðisins við aðliggjandi íbúðarbyggð og útivistarsvæði.

Búist er við því að nýtingarhlutfall á lóðum verði allt að 1,0

nema á Suðurtanga 17 þar sem nýtingarhlutfallið er 0,2. Á gáma-völlum verður gert ráð fyrir mjög lágu nýtingarhlutfalli eða 0,001. Allar byggingar sem rísa munu skulu tak mark af hæðartakmörkunum sem hindranafloður Ísafjarðarflugvallar setur, en hann getur haft áhrif á mögulega uppbyggingu á svæðinu.

Nefndin gerir ekki ráð fyrir sérstökum gönguleiðum innan svæðisins, en megingönguleið um Suðurtangann liggur á grænu svæði. Gert er ráð fyrir tengingum við þessa gönguleið milli lóða og meðfram götum. Áhersla er lögð á að gangandi vegfarendum sé heimil för um öll svæði utan lóða og hafnasvæða.

– gudmundur@bb.is



Fjárframlög til stjórnmálaflokka

Reiknað er með að framlög Ísafjarðarbæjar til stjórnmálaflokka verði 800.000 krónur í ár. Samkvæmt lögum ber sveitarfélögum með fleiri en 500 íbú að veita stjórnmálasamtökum sem fengið hafa einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið að minnsta kosti 5% atkvæða í sveitarstjórnkosningum fjárframlög til starfsemi sinnar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum voru 2.122 gild atkvæði í Ísafjarðarbæ. Samkvæmt minnisblaði bæjarritara verður skipting fjárframlaga því sem hér segir á milli þeirra framboða sem fengu mann eða menn kjörna: B-listi fékk 301 atkvæði eða 14,81% og verður fjárframlag Ísafjarðarbæjar til flokksins 118.480 krónur. D-listi hlaut 891 atkvæði eða 43,85 og verður fjárframlag hans því 350.800 krónur, Í-listinn hlaut 840 atkvæði eða 41,34% og á því rétt á 330.720 króna fjárframlagi. Bæjarráð samþykkti skiptinguna á síðasta fundi.

– thelma@bb.is

Prófessorsstaða á Vestfjörðum – í Reykjavík

„Þetta verður allt saman að ráðast. Hlutirnir eru ennþá í mótun, ég kem vestur um miðjan apríl og þá mun þetta skýrast,“ segir dr. Guðmundur Hálfánarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og nýráðinn í sérstaka prófessorsstöðu tengda nafni Jóns Sigurðssonar. Miklar vanga-veltur hafa verið að undanförmu um hvort Guðmundur muni sinna stöðunni frá Vestfjörðum. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í hátiðarræðu sinni á Hrafnseyri 17. júní síðastliðinn, að sá sem myndi gegna stöðunni skyldi hafa fasta búsetu á Ísafirði eða nágrenni.

Málið barst í tal á Alþingi á dögnum, en þá sagði Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra að

hvergi hefðu verið gefin þau fyrirheit að skilyrði væru fyrir búsetu á Vestfjörðum fyrir þann sem stöðuna fengi. Katrín var þar að svara fyrirspurn Ólínu Þorvarðardóttur, sem taldi það bæði sanngjart og réttlátt fyrir Vestfirði að prófessorsstaðan yrði ekki setin í Reykjavík. Hún vísaði máli sínu til stuðnings til ræðu Jóhannu Sigurðardóttur.

Guðmundur, sem er búsettur í Reykjavík, telur að búferlaflutningar vestur á firði sé ekki skynsamlegasti kosturinn í stöðunni. „Ég er áfram prófessor við Háskóla Íslands, hér eru nemendur mínir og hér er mín starfsstöð,“ segir Guðmundur, en bætir því við að rektor hafi í hyggju að taka íbúð á Ísafirði á leigu til

frambúðar. „Ég sé það nú þannig fyrir mér að það sé skynsamlegra fyrir alla aðila að þessi aðstaða fyrir vestan verði opin fyrir starfsfólk háskólans, og fyrir þá sem eru í samstarfi við háskólastöðvarnar fyrir vestan, fremur en ég verði alltaf þar.“

Guðmundur segist líta á sína nýju prófessorsstöðu sem nokkurs konar tengingu á milli Háskóla Íslands og Háskóla Vestfjarða, Fræðaseturs HÍ í Bolungarvík og Hrafnseyrar - fæðingarstaðar Jóns Sigurðssonar. „Ég lít ekki svo á að þó ég sé prófessor í sagnfræði muni ég binda mig við eitt fag í þessari stöðu. Ég vona að ég geti haft milligöngu um að fólk úr öðrum greinum komi hingað og geti

komið á samböndum milli Vestfjarða og þeirra. Til að mynda höfum við Daði Már Kristófersson, hagfræðingur og lektor við HÍ, verið í sambandi við Orkubú Vestfjarða,“ en Daði er að vinna að þverfaglegu námi í sjálfbærri orkunýtingu.

Guðmundur telur því að staða hans sé því aðallega fólgin í því að mynda sterkari tengsl á milli Háskóla Íslands og víðeigandi stofnanna á Vestfjörðum. „Það sem breytist hjá mér er að ég fæ smávegis tilhlýðrun í kennslu til að sinna þessum verkefnum. Verkefnin verða margvísleg, t.d. hefur mér verið kynnt að ég muni kenna sumarnámskeið á Hrafnseyri í sumar,“ segir Guðmundur, en leggur áherslu á að hann taki

ekki við starfinu fyrr en 1. apríl og því sé ekki komið á hreint hvernig framhaldið verður.

„Ég hef alltaf sé þetta þannig fyrir mér að í stað þess að ég sé að koma vestur með mínar hugmyndir og þröngva mér upp á aðra, muni ég fremur hlusta á hugmyndir þeirra sem eru fyrir vestan og reyna að styðja þær og styrkja,“ segir Guðmundur, en rannsóknir hans innan sagnfræðinnar hafa mikið hverfst í kringum Jón Sigurðsson og segir hann að það komi ekki til með að breytast. Það sem komi til með að breytast sé hinsvegar það að nú þurfi hann að láta sig fleiri námsgreinar varða og veita víðari sviðum háskólasamfélagsins athygli.

– gudmundur@bb.is

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Helgi og Hildur reka garðyrkjustöðina Gufuhlíð í Reykholti og rækta þar agúrkur. Gufuhlíð er fjölskyldufyrirtæki. Áður höfðu foreldrar Helga stundað garðyrkju á staðnum frá árinu 1965. Ræktunin í Gufuhlíð er vistvæn, gúrkurnar eru ræktaðar í vikri og er lifrænum vörnum beitt á plönturnar. Gróðurhúsin eru hituð upp með hveravatni.



Samkaup úrval

Úrvals lambalæri **1.196** kr/kg

Ódýrt



199 kr ds

Ananas 567g frá Coop

Ódýrt



198 kr stk

Rauðkál 720g frá Coop

Ódýrt



247 kr stk

Dijon-sinnep 250g frá Coop



Ódýrt

Vínberja-tvenna 500g **299** kr/pk



Ódýrt

Spergilkáls-blánda 750g **299** kr/pk

fryst ferk frá Coop

Samkaup**úrval**

góðir grannar

Helgartilboð 5.- 8. apríl

Gledilega páska!

Páskalambið í vorlegum kryddlegi



- 1 bolli ólífuolía
- 1/2 saxaður laukur
- 1 hvítlauksgeiri
- 2 dillgreinar
- 2 msk sítrónusafi
- 2 tsx saxaður sítrónubörkur
- 1/2 tsx þurrkað oreganó

Setjið allt í blandarann og hellið leginum yfir lærið.
Látið marinerast í ísskáp í a.m.k. 4 klst.
Gott er að láta lærið standa í stofuhita í 1 klst fyrir eldun.



1.598 kr/kg

Úrvals lambahryggur

Ódýrt

298 kr/pk

Hvítlauksbrauð 2 stk 350g
frá Coop
Ódýrt

395 kr/pk

Kartöflustrá 900g
frá Coop
Ódýrt

299 kr/stk

Grísk jógúrt-salatsósa
400 ml, frá Coop
**Ódýrt**
Jarðarber
500g

299 kr/pk

fryst ferk frá Coop

Ókeypis uppskriftir!

að góðum páskaréttum
í verslunum Samkaupa úrvals

Ögurkirkja fær 700 þús. kr. styrk

Húsafríðunarnefnd hefur ákveðið að veita 700.000 króna til endurbóta á Ögurkirkju í Ísafjarðardjúpi. Að sögn Salvars Baldurssonar bónda í Vigur og sóknarnefndarmanns í Ögursókn, er kirkjan í slæmu ásigkomulagi. Einna helst sé það þó turn kirkjunnar sem sé verst á sig kominn. „Það var gert við turninn að litlu leyti í haust, og ég býst við að hann verði tilbúinn í vor,“ segir Salvar, en ýmislegt annað krefst endurbóta í kirkjunni. „Það þarf að laga á henni gaflinn og svo er austurhlíð kirkjunnar mjög slæm. Síðast var skipt um hlið á kirkjunni fyrir 20 árum, en aðeins aðra hliðina,“ segir Salvar.

Ögurkirkja stendur í Ögurvík milli Skötufjarðar og Mjóafjarðar. Hún er reist árið 1859 og er vel gripum búin, en margir dýrmætustu gripa hennar eru nú á Þjóðminjasafninu. Í kirkjunni er merk altaristafla frá árinu 1889 eftir Anker Lund, og kaleikur frá árinu 1854. Bæna-húsið í Furufirði í Grunnavíkurbreppi fékk í sömu styrkveitingu styrk upp á 250.000 kr. til endurbóta.

– gudmundur@bb.is

Spurningin

Ætla þú að ferðast um páskana?

Alls svöruðu 631.
Já sögðu 119 eða 19%
Nei sögðu 512 eða 81%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Páskaveðrið

Horfur á föstudag: Suðvestlæg eða vestlæg átt og vætusamt en úrkomulítið norðan og austantil. Fremur milt í veðri.

Horfur á laugardag: Suðvestlæg eða vestlæg átt og vætusamt en úrkomulítið norðan og austantil. Fremur milt í veðri.

Horfur á sunnudag: Suðvestlæg eða vestlæg átt og vætusamt en úrkomulítið norðan og austantil. Fremur milt í veðri.

Óttast að nýtt fyrirkomulag geti valdið mismunum milli skóla

Fulltrúi Menntaskólans á Ísafirði í söngkeppni framhaldsskólanna, Ástrós Þóra Valsdóttir, segist óttast að nýtt fyrirkomulag keppinnar geti valdið mismunum hjá minni skólunum. Hin árvissa keppni verður haldin með nýju og breyttu sniði í ár en framleiðslufyrirtækið Sagafilm hefur tekið að sér framkvæmd keppinnar sem haldin verður í Reykja-

vík í apríl. Öll löggin verða sýnd á mbl.is frá og með 5. apríl og geta landsmenn kosið þau lög sem eru í uppáhaldi. Þeir skólar sem lenda í 12 efstu sætunum taka þátt í aðalkeppninni sem fram fer 21. apríl í beinni útsendingu á RÚV. „Það er líklegt að allir kjósi bara sinn skóla svo það gerir minni skólunum erfiðara fyrir,“ segir Ástrós Þóra aðspurð

hvernig hið nýja fyrirkomulag leggist í sig.

Tilkynnt verður 18. apríl hvaða 12 lög komast áfram í úrslitakeppnina sem verður 21. apríl, og mun þar ráða úrslitum vægi sms-kosningar annars vegar og dómnefndar hins vegar. Í tilkynningu segir að gætt verði jafnræðis milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Ástrós Þóra segir

keppnina að öðru leyti leggjast vel í sig og sammendur hennar.

„Það hefði verið skemmtilegt ef það væri öruggt að við kæmumst í lokakeppnina eins og verið hefur en við reynum okkar besta og vonandi verðum við kosin áfram.“ Hún er á leiðinni suður um helgina í myndatökur fyrir keppnina auk þess sem tekið verður upp tónlistarmyndband.

Kvótafrumvarpið skerðir kvóta Vestfirðinga um 43%

Einar Kristinn Guðfinnsson, þingmaður Norðvesturkjördæmis og fyrrum sjávarútvegsráðherra segir að kvótafrumvarpið hafi í för með sér skerðingu byggðaheimilda sem valdi minnkun aflaheimilda á Vestfirðum um 1.561 tonn. „Það hefur ekki farið hátt í umræðunni um hin nýju fiskveiðistjórnarfrumvörp, að ætlunin er að skerða mjög verulega og jafnvel afleggja með öllu, þær fiskveiðiheimildir sem nýttar hafa verið til byggðalegra, félagslegra og atvinnulegra úrræða á landsbyggðinni. Þær hafa sannarlega verið umdeildar, en

skila vitaskuld tekjum, störfum og umsvifum í þeim byggðarlögum sem hafa notið þeirra,“ segir Einar. Að sögn hans nema þessar bætur og ívilnanir á Vestfirðum alls um 3.624 tonnum en skerðingin sé hins vegar um 43%.

Þá segir hann hugmyndirnar í frumvarpinu ganga út á að línuívilnun verði skert um 25%, byggðakvótar skornir niður um helming og rækju og skelbætur verða aflagðar á þremur árum. „Sú verstöð sem hefur notið langmests gagns af línuívilnuninni er Bolungarvík. Línuívilnunin hefur í raun aukið kvóta Bolvíkinga



um 1.012 tonn. Fjórðungs skerðing veldur því 253 tonna kvóta-skerðingu í byggðarlögunum. Alls veldur skerðing línuívilnunar 482 tonna kvótaminnkun á Vestfirðum“ segir Einar.

Einar segir einnig að byggðakvótinn hafi þýtt 1.241 tonna aukningu á kvóta Vestfirðinga. Þar af hafa 530 tonn komið í hlut Ísafjarðarbæjar. Helmings skerðing á byggðakvótanum, sem frumvarpið boðar, þýðir að aflaheimildir Vestfirðinga minnka um 622 tonn, þar af um 265 tonn í Ísafjarðarbæ. Rækju og skelbætur hafa þýtt 452 tonna kvóta fyrir Vestfirði. Þar af nema rækjubæturnar vegna Ísafjarðardjúps 369 tonnum. Skýlt er að geta þess að hluti þessara bóta fer á báta sem eru skráðir utan Vestfjarða.

– thelma@bb.is

Ritstjórnargrein

Í sátt og samlyndi

Dymbilvikan er að öllum líkindum sú vika ársins sem flestir bíða eftir. Langt frí til ferðalaga og útiveru með öllu því tilstandi sem nú þykir sjálfsgættur þáttur í aðdraganda sjálfrar páskahátíðarinnar. Að ekki sé minnst á þá stóru stund sem fermingin er í lífi þeirra ungmenna, sem kjósa að ganga þann veg. Einhverju sinni fjölluðum við um vikurnar tvær í einni og sömu almanaksvikunni: páskasviku og skíðaviku, sem ekki yrðu settar undir sömu greinarmerki, enda með öllu ótengdar.

Páskavikan, með þann stóra þátt sem atburðir hennar voru í trúarlífi þjóðarinnar í gegnum dimmustu aldir í sögu hennar, þar sem lofsöngvar „þjóðar í nauðum, / lífsvonin eina var samtvinnuð krossinum rauðum,“ eins og Jón Helgason nær að fanga það með eftirminnilegum hætti í kvæði sínu „Í Arnasafni“. Aldir, sem í raun er ótrúlegt að þjóðin hafi þraukað, tímabil sögunnar þar sem fátækt og erfiðleikar voru daglegt brauð í slíkum mæli að nútímafólk getur með engu móti gert sér í hugarlund.

Skíðavikan, samnefni útivistar og ferðalaga, samfunda þegar brottfluttur Ísfirðingar leita á bernskuslóðir í heimsókn til ættingja og vina til að endurnæra lífskraftinn. Sannast þar hið fornkvæða að römm er sú taug er rekka dregur föðurtúna til. Og einhvern veginn

er það nú bara svo, þrátt fyrir allt sem heimurinn hefur upp á að bjóða, að: „Því lengri för, sem er farin, / því fegra er heim að sjá, / og blómið við bæjarvegginn / er blómið, sem allir þrá,“ eins og skáldið frá Fagraskógi orðaði það af visku sinni.

Með nokkrum sanni má segja að „þriðja vikan“ hafi náð að festa rætur: Aldrei fór ég suður-hátíðin, sem „sigrað hefur heiminn“, eins og einhvern tíma var sungið af einhverju tilefni; viðburður sem dregur ótölulegan fjölda fólks til Ísafjarðar í Dymbilvikunni. Seint verður fullþakkað það framtak sem felst í þessari umsvifamiklu tónlistarhátíð, sem óumdeilt kom Ísafjarðarbæ á kortið á þann veg að niður má ekki falla. Og það góða við þetta allt saman er að tekst hefur að koma öllu þessu andlega og veraldlega tilstandi fyrir í sátt og samlyndi, með þeim hætti að allir hafa unað glaðir við sitt.

Bæjarins besta óskar lesendum sínum nær og fjær sem og landsmönnum öllum gleðilegrar páskahátíðar. Gestir Skíðaviku og Aldrei fór ég suður eru boðnir velkomnir til bæjarins með ósk um að þeir eigi hér góðar stundir og fari heim fullir tilhlökkunar um endurkomu. s.h.


Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, gudmundur@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X



Sæktu um
kort á n1.is
1 punktur = 1 kr.
í viðskiptum við N1

N1 KORTIÐ SKILAR SPARNÆÐI OG PUNKTUM UM ALLT LAND!

Ert þú að missa af þínum ávinningi?



Flottir tónlistarmenn í hverjum firði

„Vestfirsku dægurlögin eru stór og gjöful mið og úr stórum sjóði að velja,“ segir Elfar Logi Hannesson, leikstjóri nýrrar söngskemmtunar sem kallast einfaldlega Vestfirsku dægurlögin.

„Þarna verða á ferðinni helstu perlur vestfirska dægurlaga. Þetta eru allt slagarar sem hafa lifað með þjóðinni og verið sungnir á mannamótum og ekki síst í partýum. Við erum t.d. með lög eftir Grafík, Ásthildi Cecil, Rúnar Þór, Facon og Kan en í hverjum firði og á hverjum stað í fjórðungnum er að finna flotta poppara, hljómsveitir og söngvara.“

Efnisvalið á skemmtuninni spannar nokkra áratugi.

„Aldursforsetarnir eru BG og Ingibjörg og Facon frá Bíldudal. Þetta eru mjög fjölbreytt lög og líklegt að allir taki hraustlega og vel undir. Mest megnis eru þetta stuðlög en einnig eru lög eins og til dæmis Hafíð eða fjöllin sem er nú svolftið þjóðsöngur Vestfirðinga. Mælt er með því að allir mæti með góða skapið, njóti kvöldsins í botn og syngi með. Þetta er fyrst og fremst hugsað þannig að allir geti átt gott partý saman og notið lífsins,“ segir Elfar Logi.

Mikil stemmning í hópnum



Söngvarar í sýningunni eru Hjördís Þráinsdóttir, Steingrímur Rúnar Guðmundsson og Sveinbjörn Hjálmarsson. Einnig tekur leikkonan Marla Koberstein þátt í sýningunni með óvæntum hætti.

„Hún er nemi við Háskólasetrið og einnig leikkona og eflaust verða einhverjir hissa á framlagi hennar í sýningunni.“

Guðmundur Hjaltason er tónlistarstjóri og er með valinkunna tónlistarmenn með sér en Dægurlagabandið vestfirska skipa þau Bjarni Kristinn Guðjónsson, Guðmundur Hjaltason, Haraldur Ringsted og Sunna Karen Einarsdóttir.

„Það er mikil stemmning í hópnum en ég var að fá afhenda hljómsveitargallana en um leið og fólk mun sjá þá tengir það þá við ákveðið plötuumslag með Grafík en um er að ræða mjög skrautlega málningagalla.“

Elfar Logi segir miðasöluna hafa farið vel af stað og vissara sé að reyna tryggja sér miða sem fyrst.

„Það er strax byrjað að panta miða fyrir páskana svo það er eins gott að vera ekkert að bíða með að panta.“

Það er Vestfirska skemmtifélagið sem setur söngvasjóvið Vestfirsku dægurlögin á svið en um er að ræða aðra sýningu þess. Fyrsta sýningin var Andaglasíð sem fékk góðar viðtökur. Elfar



Logi og Guðmundur hafa þó nokkrum sinnum áður leitt saman hesta sína til að skapa söngskemmtanir sem hafa fengið góðar viðtökur. Má þar nefna Við

heimtum aukavinnu og Vegir liggja til allra átta.

Vestfirsku dægurlögin verða sýnd í Félagsheimilinu í Bolungarvík. Páskasýningarnar verða í


kvöld, á morgun Skírdag og föstudaginn langa. Sýningarnar hefjast kl. 21 en rétt er að geta þess að rútuferðir á sýningarstað verða frá Hamraborg á Ísafirði.

Gefðu sparnað í fermingargjöf



Fermingarkortið er inneignarkort sem hentar þeim vel sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 5.000 króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

Fermingarkortið er gjöf sem leggur grunn að fjárhag framtíðarinnar. Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í útibúum Landsbankans.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Í úttekt á rekstri Ísafjarðarbæjar er lagt til að fjöldi stöðugilda við leikskóla sveitarfélagsins verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að fækka þeim í takt við fækkun barna.

Vill endurskoða fjölda stöðugilda á leikskólum

Börnum á leikskólum Ísafjarðarbæjar hefur fækkað um 16,9% frá árinu 2002. Þá voru þau 271 en eru nú orðin 225. Í skýrslu Haraldar L. Haraldsson hagfræðings, sem unnið hefur úttekt á rekstri Ísafjarðarbæjar, er lagt til að fjöldi stöðugilda við leikskólanna verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að fækka þeim í takt við fækkun barna. Börnum fækkaði í öllum leikskólunum nema Tjarnabæ á Suðureyri þar sem fjölgaði um 20. Samtals fækkaði börnum á tímabilinu í leikskólum á Ísafirði um 31 barn. Fækkunin var 16 börn í Eyrarskjóli og 15 börn í Sólborg. Á tímabilinu var fækkun

stöðugilda mest hjá Grænagarði eða um 3,1 stöðugildi. Á sama tíma fækkaði börnum í leikskólunum um sex.

Þrátt fyrir að börnum hafi fækkað um 16 á Eyrarskjóli fjölga stöðugildum um 1,3. Á sama tíma fækkaði um eitt stöðugildi hjá Sólborg en börnunum fækkaði um 15. „Ef báðir leikskólarnir eru teknir saman á Ísafirði fjölga stöðugildum um 0,3 samtals eða er nánast óbreytt, en börnunum fækkar samtals um 31 börn. Þannig er nánast engin fækkun í stöðugildum hjá þessum leikskólum samtals þrátt fyrir að börnunum fækki um 31,“ segir í skýrslunni.

Er litið er til rekstrarútgjalda og tekjur á hvert barn, þar leikskólinn Tjarnabær nokkuð af. Að mati Haralds vekur nokkra athygli hversu miklu munar í útgjöldum skólans og hinna skólanna og því spurning hvort hægt væri að læra af því sem gert er þar öðrúvisi en á hinum stöðunum. Launaútgjöld eru lægst hjá Tjarnabæ af leikskólum sveitarfélagsins. Munar þar nokkra á milli skóla. Hins vegar ber að hafa í huga að börn við skólann voru 32 í upphafi ársins 2010 og var að fjölga fram eftir árinu og endaði árið með 36 börn í desember 2010. Sex skólar eru með lægri kostnað vegna vörukaupa

og matarkostnaður þessara skóla er lægri en hjá Tjarnabæ, en hafa ber í huga að hann framreiðir líka mat fyrir grunnskólann.

Í skýrslunni er jafnframt lagt til að ekki verði heimiluð yfirtíð á leikskólum bæjarfélagsins nema í algerum undantekningar tilfellum. Einnig er ráðlagt að matarinnkaup leikskólanna verði samræmd og þau endurskipulögð með það að markmiði að ná kostnaði niður. Þá er lagt til að kannað verði hvort hægt sé að komast af með minni eða færri sorplát við leikskólana og/eða fækka þeim dögum sem þau eru losuð. Þetta verði jafnframt kannað fyrir aðrar stofnanir.

Flytja inn Pál Óskar, SSSól og Grafík

„Þetta er hugmynd sem kom upp síðasta sumar, þá var ég fyrir vestan og maður varð var við hversu fáir voru að flytja inn hljómsveitir og tónlistarmenn,“ segir Orri Helgason, annar eiganda hins nýstofnaða viðburðarfyrirtækis Vinir Vestfjarða. Orri stofnaði fyrirtækið fyrir í vetur ásamt Guðmundi Ragnari Einarssyni og hyggjast þeir vera duglegir við að flytja inn hljómsveitir til Ísafjarðar. Orri segir að með stofnun fyrirtækisins hafi hann enn ríkrari ástæðu til þess að fara oftast vestur, en hann er ættaður frá Ísafirði.

„Við ráðumst nú í okkar fyrsta verkefni, en í fyrrahaust pantaði ég Edinborgarhúsið yfir páskana. Við sömdum við Pál Óskar og hann ætlar að spila fyrir okkur í húsinu eftir miðnætti föstudagsins langa. SSSól og Grafík verða svo með ball aðfaranótt annars í páskaum,“ segir Orri og bætir því við að hann vilji að lágmarki halda fjóra stóra viðburði á ári á Ísafirði. „Það er draumurinn. Við viljum vinna með fólkinu í bænum og finna réttar dagsetningar fyrir hentuga viðburði.“

Þess má til gamans geta að Orri er sonur Helga Björns-sonar. – gudmundur@bb.is

Alþingi setti Norðfjarðargöng í forgang

Í Morgunblaðinu 12 mars s.l. birtist grein eftir Ólínu Þorvarðardóttur alþingismann Norðvesturkjördæmis með fyrirsögninni: Dýrafjarðargöng brýnasta framkvæmdin. Greinin er ágætis lýsing á meginmarkmiðum samgönguáætlunar sem snúast meðal annars um öruggar, hagkvæmar, sjálfbærar og greiðar samgöngur.

Ólína rekur upp úr áætluninni að forgangsröðun framkvæmda taki mið af þörfum einstakra svæða fyrir bætta samgöngur, stefnt sé að því að efla sveitafélög og styrkja þau. Hún ræðir líka um gerð jarðganga til að leysa af hólmi erfiða fjallvegi. Allt er þetta rétt og um þetta er ekki deilt á Alþingi - allavega vona ég ekki. Norðfjarðargöng eða Dýrafjarðargöng

Það er hins vegar misskilningur þegar Ólína segir að Dýrafjarðargöng séu og hafi verið framar í

framkvæmdaröð heldur en önnur jarðgöng til að mynda Norðfjarðargöng. Þingmaðurinn veit mæta vel hvað stendur í samþykktum samgönguáætlunum undanfarna ára, að þetta stenst ekki. Í viðauka við samgönguáætlun sem undirritaður lagði fram á Alþingi 2008 og var samþykktur, var gert ráð fyrir að framkvæmdir við Norðfjarðargöng hefust 2009. Veitt var í það verk 600 mkr. árið 2009 og 1.700 mkr. árið 2010. Í sömu áætlun var sagt að stefnt væri að því að framkvæmdir við Dýrafjarðargöng hefust árið 2010. Veitt var í það verk 100 mkr. árið 2009 og 900 mkr. árið 2010. Sem sagt Norðfjarðargöngum var raðað framar en Dýrafjarðargöngum og sú forgangsröðun var samþykkt á Alþingi um vorið 2009.

Í samgönguáætlun fyrir árin 2009 – 2012 (gildandi áætlun)



Kristján Möller.

sem líka var samþykkt á Alþingi, kemur þetta enn skýrar fram. Þá er veitt til Norðfjarðarganga 220 mkr. árið 2011 og 1.174 mkr. nú árið 2012. En til Dýrafjarðar-

ganga einungis 20 mkr. árið 2012 til undirbúnings.

Þetta er vegna þess að í gildandi samgönguáætlun var höfuðáhersla lögð á Vestfjarðaveg 60, þ.e. kaflann frá Eiði við Vattarfjörð og vestur fyrir Þverá í Kjálkafirði, alls um 16 km. Fjárveiting í þessa framkvæmd var 600 mkr. árið 2011 og 1.072 mkr. nú í ár. Þess vegna er nýlega búið að opna tilboð í þennan 16 km langa kafla, og einmitt þess vegna eru þær framkvæmdir að hefjast nú í vor. Af þessu sést að framkvæmdir við Norðfjarðargöng áttu að hefjast fyrir en við Dýrafjarðargöng, enda er framkvæmdin talsvert brýnni. Rétt er að minna á að jarðgöngin í Oddskarði er í um 600 m hæð yfir sjávarmáli og mjög brattar brekkur og vinkilbeygjur á leiðinni að göngunum. Auk þess eru þau einbreið og með blindhæð.

Norðfjarðargöng eru því samkvæmt samþykktri samgönguáætlun næstu jarðgöng í hefðbundinni ríkisframkvæmd. Þessu eru þrjár sveitarstjórar á Vestfjörðum sammála og hafa ályktað um það Norðfjarðargöngum til stuðnings. Það er mikilvæg stuðningsyfirlýsing, og sýnir sanngirni þeirra og þekkingu á mjög erfiðum samgöngum um Oddskarðsgöng. Ég styð þá í forgangsframkvæmdunum á sunnanverðum Vestfjörðum á áður nefndum vegarköflum, enda unnið eftir þeirri forgangsröðun sem Vestfirðingar hafa lýst stuðningi við. Dýrafjarðargöng styð ég líka þegar að þeim kemur, eftir hinar miklu og brýnu framkvæmdir á sunnanverðum Vestfjörðum sem eru að byrja – loksins.

Kristján L. Möller, alþingismaður og fyrrverandi samgönguráðherra.

Pitt fólk á Vestfjörðum

Þjónustufulltrúar VÍS á Vestfjörðum taka vel á móti þér og bjóða framúrskarandi tryggingar, persónulega ráðgjöf og eru til þjónustu reiðubúnir í þinni heimabyggð.

Verið hjartanlega velkomin – það er alltaf heitt á könnunni!



Ísafjörður
Eygló Jónsdóttir Guðni Ó. Guðnason Hilmar Pálsson



Bolungarvík
Stefanía Birgisdóttir



Patreksfjörður
Anna Jensdóttir



Þingeyri
Þorbjörg Gunnarsdóttir



Bíldudalur
Heba Harðardóttir



Tálknafjörður
Guðlaug Björnsdóttir

Launakostnaður á hvern nemanda er að meðaltali 867 þúsund krónur

Laun allra kennara í grunnskólum Ísafjarðarbæjar voru 446,7 milljónir króna árið 2010. Launakostnaður á hvern nemanda var frá 778 þúsund krónum, þar sem hann var lægstur í Grunnskólanum á Ísafirði upp í 1,4 milljónir króna í Grunnskóla Önundarfjarðar. Að meðaltali var launakostnaður á hvern nemanda í grunnskólum Ísafjarðarbæjar 867 þúsund krónur. Þetta kemur fram í úttekt á rekstri Ísafjarðarbæjar sem gerð var af Haraldi Líndal Haraldssyni hagfræðingi með það að markmiði að koma fram með tillögur að lausn á rekstrar- og fjárhagsvanda sveitarfélagsins.

Þar kemur fram að nemendum í grunnskólum Ísafjarðarbæjar fækkaði um 194 á tímabilinu 2002 til 2010. Þeir voru 709 árið 2002 en 515 árið 2010. Fækkunin nemur 27,4%. Nemendum í Grunnskólanum á Ísafirði fækkaði á tímabilinu 2008 til 2010 um 87 nemendur, sem er um 60% af fækkuninni sem átti sér stað á tímabilinu. Samkvæmt upplýsingum frá skólustjóra GÍ

heldur nemendum áfram að fækka í skólanum því í upphafi skólaársins 2011 til 2012 voru nemendurnir í skólanum orðnir 391. Hefur þeim því fækkað um 22 frá árinu 2010.

Eins kemur fram í skýrslunni að nemendum í Grunnskóla Suðureyrar fækkaði á tímabilinu 2002 til 2010 um 21, eða úr 57 í 36, sem er fækkun um 37%. Er það hlutfallslega mesta fækkunin í grunnskólunum í Ísafjarðarbæ. Næst mesta hlutfallslega fækkun er í Grunnskóla Önundarfjarðar, eða 34%.

Haustið 2011 var gert ráð fyrir að samtals væru kennarar og leiðbeinendur í 57,1 stöðugildum við Grunnskólann á Ísafirði, eða 40. Gert er ráð fyrir 20,2 stöðugildum í öðrum störfum, þar af eru 17,2 stöðugildi við Grunnskólann á Ísafirði og alls þrjú stöðugildi í hinum skólunum. Samtals er gert ráð fyrir 77,3 stöðugildum við alla skólana, þar af 57,2 við Grunnskóla Ísafjarðar og þá 20,1 stöðugildi samtals við hina skólana. Að meðaltali eru 8,7 nem-



Nemendum í grunnskólum Ísafjarðarbæjar fækkaði um 27,4% frá árinu 2002-2010.

endur á hvert stöðugildi kennara í Ísafjarðarbæ og 6,4 nemendur á hvert stöðugildi samtals.

Í skýrslunni segir að mikil hækkun í launaútgjöldum í GÍ veki athygli, en þau hækkuðu úr 287,4 milljónum króna árið 2008 í 317,4 milljónir árið 2009, eða um 30 milljónir króna. Á sama tíma fækkar nemendum í skólanum um 39. „Þróunin varðandi

fjölda kennara er nokkuð sérstök. Á árunum á milli 2002 til 2005 fjölgað kennurum þó nemendum fækki. Síðan er athyglisvert að á milli áruna 2007 og 2008 fjölgað nemendum um 13 en kennurum um 5,7 stöðugildi,“ segir í skýrslunni en þar segir einnig að af þessu megi ætla að nokkur stjórnunarleg vandamál, hvað starfsmannamál varðar, hafi skapast

vegna fækkunar nemenda á milli ára og síðan fjölgunar tvisvar á tímabilinu.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem skólustjóri hefur gefið upp um fjölda stöðugilda á yfirstandandi skólaári er um nokkra fækkun stöðugilda að ræða, bæði hvað varðar kennara og aðra starfsmenn.

– thelma@bb.is

Óskum öllum
gleðilegra
páska



Opið alla páskahelgina
Lifandi tónlist og fleiri uppákomur

Reksturinn endurskoðaður

Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar er ein þeirra stofnana sem skera þarf niður hjá ef Ísafjarðarbær ætlar að láta útgjaldaliði standast áætlun, að því er segir í skýrslu Haraldar L. Haraldssonar, hagfræðings, sem unnið hefur að úttekt á rekstri sveitarfélagsins. Rekstur þjónustumiðstöðvarinnar skal tekin til endurskoðunar með það að markmiði að draga úr kostnaði eða hætta rekstrinum og bjóða hann út. Í skýrslunni er tekið dæmi af sveitarfélögum sem hafa dregið úr rekstri þjónustumiðstöðva og þannig aukið aðkeypta þjónustu af verktökum. Þar kemur fram að Borgarbyggð tók á árinu 2003 þá ákvörðun að bjóða verkefni þjónustumiðstöðvarinnar út, og síðan þá hefur sveitarfélagið haft samning við verktaka. Stjórnendur Borgarbyggðar telja að þetta hafi sparad töluverða fjármuni, þó svo að ýmsir íbúar telji þjónustuna hafi versnað í kjölfarið.

Haraldur leggur til að ekki verði ráðist í frekari ráðningar í þjónustumiðstöðinni í stað þeirra sem láta af störfum. Daglegur vinnutími er nú 10 klst., en lagt er til í skýrslunni að hann sé stytur niður í átta. Samhliða því verði fastri yfirtíð sagt upp og dregið úr henni. Dagleg vinna þeirra starfsmanna sem vinna á



Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar á Stakkanesi.

skíðasvæðinu í Tungudal verði þannig skipulögð að starfsmenn vinni almennt ekki meira en átta klukkustundir á dag. Þeir skulu jafnframt ekki vinna um helgar á skíðasvæðinu að aflokinni fullri vinnuviku.

Ljóst sé miðað við aldur tækja þjónustumiðstöðvarinnar í Ísafjarðarbæ sé rekstur hennar á ákveðnum tímamótum. Haraldur spyr því hvort endurnýja eigi tækin eða bjóða þjónustuna út að hluta eða alfarið. Mikill tími fari í að halda þeim við og í mörgum tilfellum sé hægt að sýna fram á að það sé ódýrara að fá verktaka í einstök verk og borga fyrir það tímagjald á meðan vinnan standi yfir, en að halda úti mannskap og tækjum með öllum þeim kostnaði sem því fylgir. Haraldur leggur því til að fram fari málfræðileg umræða um framtíðarrekstur þjónustumiðstöðvarinnar og hvort til greina komi að bjóða reksturinn út.

– gudmundur@bb.is



Söluumboð ÍSAGA:
Pröstur
Marzellíusson
Ísafirði

Pröstur Marzellíusson
hf. s. 456 3349

AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fáiir góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

ÍSAGA ehf. • www.gas.is
Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000

Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:
ÍSAGA: Breiðhöfða 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - Verslanir BYKO - Atlantsolía, Kópavogsbraut

Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:
Selfoss: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. Vestmannaeyjar: Neta- og karaverkstæði Nethamars, s. 481 3226. Sauðárkrúkur: Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. Reyðarfjörður: Landflutningar-Samskip, s. 458 8840. Ísafjörður: Pröstur Marzellíusson hf, s. 456 3349. Akureyri: Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.

Heilluð af Indla

Þegar ég hugsa um Indland, núna, þar sem ég sit í eldhúsinu mínu á Flateyri og regnið bylur á gluggunum, man ég einna helst sólarljósið – enda ekki á hverju ári sem Íslendingur getur notið þess að hafa stöðugan aðgang að D-vítamíni um hávetur. Ég man líka lyktina af vel krydduðum *biryani*-hrísgrjónarétti og bjöllu-hljóminn sem barst frá ökkla-böndum brosandí kvenna undir sólhlífum. En fyrst og fremst skýtur upp í kollinn minningu frá því um miðbik ferðarinnar; minningu um einn af þessu sjaldgæfu morgnum þar sem allur heimurinn virðist innan seilingar og samt alveg óendanlega stór og maður finnur svo sterkt til eigin smæðar.

Þennan umrædda morgun vaknaði ég í dögun, köld og krambúleruð, undir berum himni í Thar-eyðimörkinni í norðvestur-hluta Indlands. Þar lá ég á þunnri dýnu á sandöldunum, um það bil 60 kílómetra frá landamærum Pakistan, aum í skroknum eftir kamelreiðar gærdagsins. Fölbleik sólin reis hægt upp himininn, kameldýrin jórtruðu fóðrið

sitt skammt frá og lyktin af varðeldinum sem leiðsögumaðurinn okkar hafði þegar kveikt kitlaði mig í nefið. Ég vissi að í vændum væri heitt *chai*-te, nýbakað *chapati*-brauð (ekki alls ósvipað vestfirskum hveitikökum!) og því næst reiðtúr á kamelbaki.

Kannist þið við þessar stundir þar sem tíminn hættir bara að vera til og það er ekkert nema núíð? Þetta var ein af þeim. Og Ísland og önfirsku fjöllin hafa aldrei virst jafnfjarlæg.

En ég er að fara fram úr mér. Ferðin hefst á allt öðrum stað. Syðst í þessu stóra, háværa og litríka landi, í fylki sem heitir Kerala.

Ég er þeirrar gæfu aðnjótandi að eiga ferðaglaða fjölskyldu. Það er í rauninni henni að þakka að ferðin varð að veruleika, en móðir mín ástkær óskaði sér einmitt ferðar til Indlands í fimmtugsafmælisgjöf. Til að gera langa sögu örstutta fóru leikar svo að við vorum fjögur sem lögðum í hann frá Kastrup á köldum desembermorgni; ég, Atli, Máni bróðir minn og Draumei mamma mín. Um sextán tímum

síðar lentum við í Cochin í Kerala, aftur að morgni, en í þetta skiptið í um 28 gráðu hita sem fór hækkandi. Og raka sem fékk okkur öll sem eitt að grípa andann á lofti og rífa okkur úr sokkum og skóm við fyrsta tækifæri.

Síkjasigling, strandparadís og kardi-mommubærinn Kumily

Fyrstu fjórum vikum ferðarinnar vörðum við ásamt Mána og mömmu í Kerala. Þar svigna pálmatrén undan kókosnetum, hitastigið fer sjaldan undir 25 gráður og allt gengur örlítið hægar fyrir sig en annars staðar í landinu. Eftir nokkurra daga viðdvöl og aðlögun í Cochin, höfuðborg fylkisins, lá leið okkar suður á bóginn, til bæjarins Alleppey. Hann er frægur fyrir fátt annað en það að vera nokkurs konar inngangur að vatnasvæðinu sem á ensku nefnist „backwaters“, sem við höfðum lesið okkur til um að ætti að vera sérlega fagurt svæði. Við leigðum okkur húsbát, með skipstjóra og einkakokki

og lögðum í hann.

22. desember, á meðan landsmenn þeyttust verslana á milli eða pökkuðu inn jólagjöfum eða stoppuðu í jólasokkana, sátum við á þilfari húsbátsins okkar og siluðumst áfram um þröng síki, breiðari árfarvegi og stöðuvötn. Umhverfið er guðdómlegt, en það var skemmtilegast að fylgjast með lífinu allt um kring. Konur börðu þvotti dagsins utan í sömu steina og kynslóðir kvenna á undan þeim, menn stjokuðu sér áfram í litlum trébátum á leið til veiða, bláklæddar skólastúlkur með glansandi fléttur hvísluðust á og biðu eftir skólabátum. Geitur jörmuðu, hundar geltu og sólin sindraði á vatninu. Að kvöldi dags lögðumst við að bryggju í lítilli vík. Kokkurinn reiddi fram hvern réttinn öðrum ljúffengari og í pálmatrjónum blikkuðu eldflugur eins og lifandi jólasería. Úr hofi einhvers staðar í nágrenninu barst bænasongur sem kallast á við suðið í engisprettunum og meira að segja moskító-flugurnar virtust of værar til að stinga. Við lögðumst til svefns, södd og sæl, og svo innilega sammála um

að þessi upplifun væri þess virði að ferðast yfir hálfan hnöttinn.

Næstu tíu dögum vörðum við í strandparadísinni Varkala, sem ég held að ekkert okkar fái dásamað nægilega. Ströndin er sú fallegasta sem nokkurt okkar hefur séð, umkringd háum klettum. Á brún þeirra kúrir svo bærinn með tilheyrandi veitingastöðum og verslunum. Við gerðum jógaæfingar á þaki gistiheimilisins okkar, drukkum kókosdrykki, busluðum í arabíska hafinu, sleiktum sólina og borðuðum á okkur gat af ferskum ávöxtum af því að við treystum veitingastöðunum loksins til að kunna á viðkvæma, vestræna maga og hafa vit á því að þvo ávextina ekki upp úr kranavatni. Á aðfangadagskvöld skiptumst við á litlum og léttum pökkum, snæddum heilgrillaðan fisk og risarækjur og skáluðum undir stjörnuþjórtum himni við undirleik öldunnar langt fyrir neðan okkur. Það voru ekkert verri jól en hver önnur, þó að stemningin hafi verið töluvert frábrugðin því sem við eigum að venjast.

Á fjórða degi nýs árs tókumst við á hendur afskaplega eftirminnilegt ferðalag alla leið af ströndinni og upp í fjöll, fyrst með lest og síðar með svæðisrútu, „lókál“ ferðamatánum. Eftir því sem rútan fíkraði sig ofar í fjöllin eftir hlykkjótum vegarslóðum varð útsýnið lygilegra; skógi vaxin fjöll og dalir, te- og kaffiplantekrur, pálmatré og kryddekrur blöstu við út um rútu-gluggana. Það var þó ekki sú fegurð sem gerði ferðina svo ógleymanlega, heldur fremur lífshættan sem við vorum nokkuð viss um að við værum í í þessa fimm tíma sem ferðalagið tók. Indverjar virðast nefnilega upp til hópa hafa gengið í sama ökuskóla, þar sem helst til lítið er lagt upp úr öryggisatriðum eins og að taka ekki fram úr í blindbeygju á örmjóum vegi þegar á aðra höndina er 900 metra þverhnípi. Þegar skiltið „Varúð: einbreiður vegur framundan!“ dúkkaði upp stóð engur okkar sama, því vegurinn hafði einmitt verið áþekkur meðalakrein á Íslandi allt fram að því. Í þannig aðstæðum er bara eitt að gera: loka augunum og fara með bænirnar sínar. Það gerðum við. Og lifðum af!

Kumily og Munnar, næsti áfangastaður, eru kryddbæirnir í Kerala. Kaffi, te og hin ýmsu krydd þrífast vel í þessu svala loftslagi,



Heilagi fillinn Lakshmi heillaði okkur upp úr skónum – og blessaði okur líka.



Í morgunsiglingu á Ganges.

enda töluvert hátt yfir sjávarmáli. Loftið ilmar af kardimommum og kanil og litlar verslanir bjóða til sölu sekki af kryddum, heimgert súkkulaði, kaffi eða te úr bakgarðinum. Við skoðuðum teplantekru, fengum afar fróðlega leiðsögn um kryddgarð og fórum á fílavéiðar – í þeirri von að sjá fíl, sko – í Periyar-þjóðgarðinum. Í Munnar tókum við Máni okkur líka til og héldum á hæsta tind Kerala, Anamudi, í 2.695 metra hæð yfir sjávarmáli. Þetta hljómar að vísu hetjulegar en það var, enda var ekið mestalla leiðina. Ekki komumst við heldur alla leiðina upp (skiltið: „Here is the limit“ tálkuðum við sem svo að við mættum ekki ganga lengra), en við systkinin settluðumst á að við hefðum í það minnsta komist í 2.300 metra hæð og vorum nokkuð sátta við það. Eftir að hafa setið fyrir á nokkrum ljósmyndum fyrir áhugasama héldum við heim á hótél. Fölir ferðalangar þóttu nefnilega afar áhugaverðir – nokkuð sem við áttum ekki von á. Í dýragarðinum sem við heimsóttum í borginni Trivandrum þóttum við til dæmis meira spennandi en ljónin og sátum eflaust fyrir á fleiri myndum en konungur dýraríkisins sem þar sprangaði um.

Að dvölinni í Munnar lokinni héldu mamma og Máni aftur heim til Svíþjóðar, en við Atli spýttum hins vegar í lófana, enda

okkar ferð rétt að hefjast.

Maharajann í Mysore og heilagur fíll í Hampi

Við höfðum enn einn og hálfan mánuð til stefnu á Indlandi og vorum sammála um að halda á norðlægari slóðir. Við höfðum heyrt að helga borgin Varanasi, í norðaustur-hluta Indlands, væri sérlega eftirminnileg, vorum spennt fyrir fylkinu Rajasthan í norðvestri og höfðum hug á að sjá í Himalayafjöllin. Vegalengdir á Indlandi eru hins vegar ekkert grín og innanlandsflugin dýrari en svo að okkur þætti réttlætunlegt að splæsa í slíkan lúxus. Það varð því að búa til einhverja áfangastaði á leiðinni, nú, eða takast á hendur 48 tíma lestarferðalag. Við vorum miður spennt fyrir því, svo niðurstaðan varð að halda rólega í norðurátt.

Með ferðaáætlunina klappaði og klára bókuðum við næturrútmíða til Mysore. Allt í allt gekk þetta fyrsta næturferðalag okkar merkilega vel. Helsta vandamálið var Bollywood-myndin frá áttunda áratugnum sem sýnd var á fullum hljóðstyrk fram eftir nóttu og svo strákarnir í sætunum fyrir framan okkur sem voru ekki nógu spenntir fyrir myndinni og ákváðu í staðinn að hlusta á tónlist. Indverjar (svo ég haldi áfram að alháfa) eru ekkert mikið fyrir

heyrnartól, heldur spilar bara hver og einn sína tónlist af símanum og skeytir því engu þó úr verði ein allsherjar kakófónía. Ef ekki hefði verið fyrir eyrnatappana sem voru alltaf innan seilingar og tókallinn sem við vörðum í mildar svefntöflur hefði ferðin eflaust verið átakameiri. En til Mysore komumst við og duttum beint í lukkupottinn; fengum herbergi á lúxushóteli, á okkar mælikvarða, á helmings afslætti. Við óskudum hvort öðru til hamingju með ótrúlega þrúthæfileika alla leiðina upp á herbergi, þar til við föttuðum að í næsta húsi var Bollywood-bíó. Þar var hljóðstyrkurinn eins og venjulega: mannskemmandi. Glerið í gluggunum nötraði og það heyrðist vart mannamál í herberginu á meðan sýningar stóðu yfir. Sem þær gerðu frá klukkan tíu á morgnana til tíu á kvöldin. Við drifum okkur því bara út og skoðuðum glæsilega höll fyrrum maharajanna og kíktum á Devaraja-markaðinn þar sem var ys og þys; frídagur í nánd og allir að kaupa blóm til að færa guðunum að fórn. Ég fékk jasmínublóm í sárabætur eftir að feit og pattaraleg rotta gerði sér lítið fyrir og settist ofan á fótinn á mér þar sem ég staðnæmdest til að kíkja inn í einn básinn.

Næst ná leiðin til Bangalore, þar sem við ákváðum að taka okkur pásu frá Indlandi í þennan

rúma sólarhring sem við höfðum þar viðdvöl þar. Bangalore, sem er nafli tækni- og tölvuiðnaðar á Indlandi, er nefnilega ansi hreint vestræn, að minnsta kosti miðbærinn. Við nutum þess í botn: drukkum alvöru kaffi í staðinn fyrir lappunnt og díssett nescaffið sem annars var boðið upp á, borðuðum á veitingastöðum með stíliseruðum klósettum, kíktum í verslanir, fórum í bíó og drukkum bjór á íþróttabær. Eins gaman og það er að uppgötva nýja hluti er líka dásamlegt að líða eins og maður sé á heimavelli, og þannig leið okkur í Bangalore. Fyrir utan atvikið þegar við álpuðumst inn í skartgripaverslun og var boðið brúðarskart úr gulli í kílóavís. Það var ekkert kunnuglegt við það!

Næsta næturrúta fór með okkur til Hampi, sem er algerlega ólýsanlegur staður með öllu. Landslagið markast af grjóthnullungum sem manni dettur helst í hug að einhver æðri, í það minnsta stærri, vera hafi stráð yfir hæðirnar í forneskju. Innan um hnúllungana spretta kaktusar, pálmatré, bananatré og mangótré, apar leika lausum hala og ein og ein geit skýtur upp kollinum þar sem maður á síst von á henni. Í Hampi er að finna rústir Vijayanagarveldisins frá fimmtánda öld eða svo, en bærinn var höfuðborg þess. Hægt er að ganga eða hjóla um þetta stóra svæði og skoða

það sem eftir er af fornum glæsi-byggingum; baðhöll drottningarinnar, leyniklefa konungsins, fílahúsið og lótushúsið, svo eitt hvað sé nefnt. Við undum okkur þar í tvo daga, opineyg af aðdáun. Gamli basarinn hefur í dag fengið nýtt hlutverk en inn í hann hefur fólk hreinlega flutt; málað veggi og sett pottablóm á veröndina – nú er hann hið huggulegasta heimili fyrir fjölmarga. Meira að segja bankinn og lögreglustöðin í Hampi eru til húsa í þessum fimm hundruð ára gömlu steinhýsum. Í Virukshaya-hofinu hittum við svo hana Lakshmi, sem við kolféllum bæði fyrir. Hún er hoffíllinn þar á bæ, heilög og dáð af öllum. Í skiptum fyrir tíu rúpía seðil, sem hún tók úr hendi okkar með furðulega mjúkum rananum, fengum við blessun Lakshmiar – nokkuð sem ég hugsa að við gleymum aldrei. Hversu oft fær maður blessun frá bleikmáluðum, ægifögrum fíl?

Hipparnir í Arambol og borgarstemning í Bombay

Frá Hampi héldum við til Panjim, höfuðborgar hins þekktu Goa-fylkis, en þangað hafa vestrænir ferðalangar haldið áratugum saman til að njóta strandlífsins. Í þeirri ferð kynntumst við

Því af eigin raun hversu frjálsglega Indverjar eiga það til að fara með hugtök eins og tíma og vegalengdir. Ferðin átti að vera tólf tímar, sem hentaði okkur ágætlega – við áttum þá að koma á áfangastað klukkan hálf átta að morgni. Í staðinn vorum við sett út á bílastæði einhvers staðar í útjadhri Panjim í niðamyrkri klukkan fimm að morgni. Þar húktum við í tvo tíma og spiluðum backgammon á símanum hans Atla þangað til fyrstu hræðurnar fóru á stjá. Þá lögðum við af stað í leit að morgunverðarstað. Þar sem við gengum í gegnum miðbæinn var útgangsfólkið að fara á fætur; teygja úr sér og tannbursta sig í ræsinu og sækja eigur sínar í hraðbankaklefa.

Ferðalangur á Indlandi verður að reyna að herða hjarta sitt, það vissum við fyrir og reyndum eftir bestu getu. Við ákváðum til dæmis strax í upphafi að gefa börnum aldrei peninga. Á Indlandi eiga öll börn að geta gengið í skóla. Fátækir foreldrar gera börn sín hins vegar oft út til að betla fyrir fjölskylduna vegna þess að þau afla yfirleitt meiri tekna en hinir fullorðnu. Þetta var ekki eitthvað sem við vildum stuðla að, að börnum væri haldið frá skóla til að betla. Það breytir því ekki að það er erfitt að sjá eyndina og fátæktina; gamla fólkið í lörfunum, konurnar með svöngu, skítugu börnin í halarófu á eftir sér og fatlaða fólkið sem dregur lífið fram á götunni. Vissulega eiga margar þær gagnrýnisráddir sem komið hafa fram eftir hrúnið hér á landi rétt á sér, en eftir að hafa séð eymdina í öðrum, verr settum löndum er ekki annað hægt en að vera gríðarlega ánægð með íslenskt velferðarkerfi og vera þakklát fyrir hvað við höfum það ofboðslega gott. Ég held að öllum væri hollt að læra þá lexíu.

Panjim er annars óskaplega sjarmerandi borg þar sem portúgölsk



Göturarnar í Varanasi eru oft erlissamar.

áhrif eru auðsjáanleg, en Portúgalir réðu ríkjum í Goa þar til um miðja síðustu öld. Eftir stutt stopp þar héldum við áfram til strandbæjarins Arambol, þar sem íslensk kunningjakona okkar var einmitt stödd. Það er hinn notalegasti staður, stútfullur af upp-gjafahippum í hassvímu og tatt-úeruðum Rússum. Við vörðum dögnum í Arambol í sólboð, sjósund, vesputúra og *feni*-drykkju – en það er stolt þeirra Gou-manna, áfengi bruggað úr kasjú-hnetum og pálmum.

Eftir enn eitt næturferðalagið komum við svo til Bombay (sem vissulega heitir Mumbai núna, en það segir það bara enginn, svo ég held mig við gamlan rit-hátt!). Við kunnum vel við okkur í borginni, þar sem við dvöldumst

í Colaba-hverfinu. Í Bombay er hins vegar líka að finna stærsta fátækrahverfi, eða „slömm“ í Asíu, Dharavi, en þar var hluti kvikmyndarinnar vinsælu *Slumdog Millionaire* tekinn upp. Nokkrar ferðaskrifstofur bjóða upp á leiðsögn um hverfið og eftir að hafa kynnt okkur hverjar þeirra væru í samstarfi við heimamenn sjálfa, sem nytu þá góðs af kaupum okkar á leiðsögninni, bókuðum við okkur í skoðunarferð. Hún varð fróðleg um margt.

Ferðin um Dharavi var í alla staði frábær. Fátækrahverfið var langt frá því sem við ímynduðum okkur. Þar þrífast alls konar fyrirtæki, þar eru ávaxtasalar og veitingastaðir, fiskisalar og leirkeramiðir og saumastofur og allt mögulegt, rétt eins og í hvaða

öðru hverfi Bombay sem er. Og fólkið var brosandí og svo furðulega hreint miðað við að rennandi vatn sé aðeins fjarlægur draumur. Hópar lítilla stráka eltu okkur og vildu ólmir fá að vera með á mynd, við kíktum inn í leirkerjagerð og á saumastofu og allir, allir tóku okkur vel. Þegar við gengum fram hjá fiskmarkaðnum á leiðinni til baka var ég kölluð til baka af tveimur saríklæddum vinkonum sem sátu þar hlið við hlið með fiskikörfum sínar og vildu endilega að ég tæki af þeim mynd. Þær voru um sjötugt, hrökkóttar og tannlitlar og skelli-hlajandi. Þegar ég sýndi þeim myndina tóku þær bakföll af hlátri, eins og amma mín gerir þegar hún heyrir eitthvað virkilega fyndið, og földu sig á bak við saríslæðuna áður en þær veifðu bless. Fólk er alls staðar fólk.

ar til Udaipur var komið – kannski vegna þess að hitastigið hrapaði niður í tíu gráður á daginn og frostmark á nóttunni – og tókum því bara rólega þar næstu daga. Við skoðuðum samt höllina, fórum á forn bílasafn, á danssýningu og eltum beljur og kálfa upp og niður þröngar, hæðóttar götunarnar.

Við höfðum verið vöruð við því að við myndum væntanlega fá dálítið menningarsjokk þegar við kæmum norður til Rajasthan; þar væri hið raunverulega Indland. Meira áreiti, meiri hávaði, meira ryk, meira af öllu. Udaipur var hins vegar ljómandi friðsæl og við héldum ótraud áfram til Jodhpur með strætó. Leiðin lá eftir rykugum og holóttum vegum, fram hjá marmaranámum og sífellt hrjóstrugra landslagi. Þegar hvítt rykskýið braut sér leið inn í rútna bundum við klúta fyrir vitin og prísuðum okkur sæl að vera laus við astma. En öndunarfærastjúkdómur eður ei – þegar við stígum úr rútnunni á áfangastað vorum við skítug upp yfir haus. Og þá réðist Jodhpur á okkur; á augabragði vorum við umkringd hrópandi mönnum sem allir vildu endilega selja okkur gistingu, mat, kaffi, eða eitthvað annað sem við höfðum ekki skilning á. Við litum hvort á annað og andvörpuðum: byrjar þá ballið. Við höfðum að vísu áður fengið okkur snúning á þessu balli, því Víetnamar eru ansi kræfir að þessu leyti og elta fólk jafnvel langar leiðir til að reyna að selja því einhvern varning, en vorum ekkert mikið spennt fyrir því að stíga þennan dans aftur.

Í Jodhpur vorum við bara eina nótt; nýttum daginn til að ganga upp að virkinu og höllinni sem



Ferðin um fátækrahverfið Dharavi var eftirminnileg. Þessar stúlkur vildu endilega fá mynd af sér með Atla.

Rúntur um Rajasthan

Frá Bombay lögðum við upp í tuttugu tíma rútuferð norður til Rajasthan, þar sem við ætluðum að ferðast á milli nokkurra borga: Udaipur, sem þekkt er sem hvíta borgin; Jodhpur, sem er sú bláa; Jaisalmer, sú gula, og Jaipur, sú rauða. Við byrjuðum á Udaipur, þar sem Bond-myndin Octopussy var tekin upp fyrir margt löngu. Ferðabjónar í Udaipur gera mikið úr þessari staðreynd og veitingahús telst ekki alvöru staður nema það sýni myndina að minnsta kosti einu sinni í viku. En borgin er falleg, virkilega fall-eg. Hún er byggð á bökkum stöðuvatnsins Lake Pichola og umkringd háum, dimmgrænum fjöllum. Úti á vatninu „fljóta“ hallir sem glitra af kertaljósom á kvöldin. Við vorum hálfslöpp þeg-

„Förum ekki út í uppsagnir“

Ísafjarðarbær er 20. skuldugasta sveitarfélag landsins að því er segir í skýrslu Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings, sem unnin var fyrir Ísafjarðarbæ og var gerð opinber á dögunum. Í skýrslunni setur Haraldur fram tillögur um hvernig skera megi niður í rekstri Ísafjarðarbæjar. BB hefur fjallað ítarlega um innihald skýrslunnar undanfarna daga, en að sögn Daníels Jakobssonar bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar er ástandið á fjármálum bæjarfélagsins vel viðráðanlegt. „Á heildina litið segir skýrslan að við séum í 20. sæti yfir skuldug sveitarfélög, en líka að við höfum staðið okkur vel, þrátt fyrir erfiða tíma. Sá vandi sem við búum við, en önnur sveitarfélög ekki, er að færri og færri standa á bakvið skuldinar, enda er íbúafékkun hér mikil. Á móti kemur hafa tekjur sveitarfélagsins þó alltaf verið háar á hvern íbúa.“

Daníel segir Harald benda réttlæga á í skýrslu sinni að það sé kostnaðarsamt að reka fjölkjarna-sveitarfélag eins og Ísafjarðabæ. Það hafi einnig alltaf verið meðvituð ákvörðun bæjarstjórnar að reka sveitarfélagið með tapi strax eftir hrun, í stað þess að ráðast í fjöldauppsagnir á bæjarstarfsmönnum. „Hafa verður í hugað hér hjá bænum höfum við fylgst með vinnu Haraldar síðan í október og því hafa mjög margar af þeim tillögum sem hann setur fram í skýrslunni þegar verið framkvæmdar,“ segir Daníel, en allt í allt saman stendur skýrslan af 71 tillögu. Að sögn Daníels hafa 36 þeirra þegar orðið að veruleika. Restin er í vinnslu og þarfnast umræðu. „Til þess viljum við halda íbúafund og finna hvað fólk vill leggja áherslu á.“

Daníel tekur fram að Ísafjarðarbær gerir ráð fyrir að draga úr launakostnaði um 200 m.kr. á milli ára. Aðalmarkmiðið sé að lækka launahlutfallið úr rúmlega



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

60% niður í 52% á næstu þremur árum. Að sama skapi er þó gert ráð fyrir því að bærinn fái meiri tekjur, en Daníel telur að þar muni mest um tekjur vegna málafna fatlaðra, sem aukast um 40-50 milljónir á milli ára enda var sá málaflokkur rekinn með verulegu tapi á síðsta ári. Auk þess munu framlög úr Jöfnunarsjóði hækka verulega á milli ára. Hvorki er gert ráð fyrir verulegum útsvarshækkunum eða hækkunum á gjaldskrá.

Daníel bendir á að eðlilegar skýringar séu á bak við það hvers vegna bærinn borgi jafn mikið í launakostnað starfsmanna sinna og raun ber vitni. Til að mynda séu starfsmenn grunnskólans á Ísafirði eldri heldur en í mörgum þeim sveitarfélögum sem Haraldur tók til samanburðar. Daníel nefnir í því samhengi að ef kennarar skólans væru allir í kringum þrítugt væri launakostnaðurinn 7 millj. kr. lægri á mánuði. Það sjái þó allir að slíkum sparnaðarleiðum sé ekki hægt að framfylgja.

Í skýrslunni gerir Haraldur ráð fyrir því að til þess að sparnaður

verði sem mestur og Ísafjarðarbær geti grynnað á skuldum sínum, gæti þurft að segja upp starfsfólki. Daníel segir að það eina sem hann geti fullyrt í þessu samhengi sé að sveitarfélagið ráði ekki við að borga nema rétt rúmlega helming af tekjum sínum í laun.

„Sú stefna sem bærinn vinnur eftir felur í sér að draga úr yfirvinnu almennt og í einhverjum tilfellum höfum við endursamið um fasta yfirtíð, frekar en að segja upp fólk. Svo höfum við skoðað í hverju tilfelli fyrir sig hvort að þörf sé að endurráða fyrir þá sem hættu. Ég sé ekki fyrir mér að við séum að fara í uppsagnir í stórum stíl, þó ég geti ekki útilokað einhverjar uppsagnir. En það er engin ástæða fyrir starfsfólk bæjarins að óttast það að hér verði einhverjar hópuppsagnir. Ef ekkert verulegt fall verður í tekjum bæjarins er engin ástæða til að óttast. Niðurstaða Haraldar í skýrslunni er sú að við búum við vel viðráðanlega stöðu og vel hefur verið haldið á spöðunum síðustu ár,“ segir Daníel.



Deiliskipulag á Þórisstöðum

Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 8.mars 2012 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í landi Þórisstaða Þorskafirði.

Skipulagssvæðið afmarkast af jarðarmörkum Þórisstaða við Búlká í suðvestri og við Hjallaá í norðaustri. Heildarfjöldi lóða undir frístundahús er 14 en fyrir eru frístundahús á tveimur þeirra. Allar lóðirnar eru rúmlega 0,5 ha að stærð en tvær eru rúmlega 0,4 ha og ein er tæplega 0,7 ha að stærð. Skipulagssvæðið er alls um 153,5 ha að flatarmáli.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi fyrir Þórisstaði. Skipulagsuppdrættir og greinargerð liggja frammi á skrifstofu Reykhólahrepps frá 4. apríl til 18.mai 2012. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.reykholar.is. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Reykhólahrepps að Maríutröð 5a 380 Reykhólar eða á netfangið skrifstofa@reykholar.is merkt „deiliskipulag Þórisstöðum.“

Reykhólar, 29.mars 2012,
Bogi Kristinsson Magnusen,
Skipulagsfulltrúi og byggingafultrúi.

Útboð


Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir tilboðum í viðhald utanhúss á hreinsistöð vatnsveitunnar í Minni-Hlíð í Bolungarvík.

Einangra skal húsið að utan og klæða með bárujárnsklæðningu. Gera skal við ryðgaða járn-teina og fylla í steypusprungur áður en veggir eru klæddir. Klæddir veggfletir eru áætlaður 610m². Verklok eru áætluð 15. júlí 2012.

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar, Aðalstræti 12, Bolungarvík, frá og með þriðjudeginum 3. apríl 2012. Útboðsgögn kosta kr. 5.000.-

Tilboð verða opnuð á sama stað föstudaginn 20. apríl 2012 kl. 14:00.





Bollywood hentar bæði þeim sem vanir eru að dansa og þeim sem kunna bara að dansa í kringum jólatréð.

Bollywood á Ísafirði um páskana

Margrét Erla Maack, sjónvarpskona, magadansmætur og Bollywoodkennari með meiru heldur ókeypis Bollywood námskeið á Ísafirði laugardaginn 7. apríl. Bollywood dansar eru indverskir söngleikjadansar sem eru samdir fyrir kvikmyndir, dansaðir við indverska tónlist í litríkum fötum. Dansinn er byggður á indverskum þjóðdönsum sem kryddaðir eru með magadansi, afróhoppum, handatáknum, flamenco, ballet og jazzballet. Megináherslan er lögð á að vera í stuði og skemmta sér meðan dansinn dunar.

Margrét segir dansinn henta bæði þeim sem vanir eru að dansa og þeim sem kunna bara að dansa í kringum jólatréð. „Það sitja allir við sama borð þegar kemur að þessum dansi hvort sem þeir hafa dansað lengi eða aldrei dansað áður. Bæði eru þetta skrítnar hreyfingar og tónlistin er ólík þeirri tónlist sem við hlustum á venjulega. Ég var sjálf í ballett í tíu ár og ég þurfti að leggja mig alla fram að ná skrítnum hreyfingum þegar ég byrjaði að dansa Bollywood. Best samt að taka það fram að tíminn á Ísafirði verður ekki erfiður, þetta verður algjör byrjendatækni.“

Bollywood er fyrir bæði kynin en að sögn Margrétar þykja Vesturlandabúum hreyfingarnar þó heldur kvenlegar. „Eins og er kenni ég eingöngu konum í Kramhúsinu og þá eru kannski dansaðir frekar stelpulegri dansar en í tímanum fyrir vestan verður tekið mið að því að þar gætu verið karlar líka.“

Spurð hvort aldurstakmark sé á námskeiði segir Margrét að svo sé í sjálfu sér ekki en námskeiðið sé í klukkustund og því kannski erfitt fyrir þá sem eru mjög ungir að halda einbeitingu í takt við hina svo lengi. „Ég er

að kenna stúlkum allt niður í tíu ára og ef krakkar geta haldið einbeitingu þá að sjálfsögðu eru þeir velkomnir. Þetta er auðveldur dans sem verður kenndur.“

Námskeiðið er haldið í tengslum við Aldrei fór ég suður hátíðina og hefst kl. 15 í þróttahúsinu við Austurveg. Margrét ætlaði að halda slíkt námskeið í fyrra en þurfti að falla frá því vegna dræmrar þátttöku. „Það er mikilvægt að það mæti ágætlega margir þar sem þetta gengur mikið út á að útbúa myndur og eins er skemmtilegra þegar það eru margir,“ segir Margrét.

Meiraprófsnámskeið

· leigubifreið · vörubifreið · hópbifreið · eftirvagn

Ísfirðingar og nágrannar ath!

Námskeið til aukinna ökuréttinda hefst á Ísafirði þriðjudaginn 10. apríl nk.

Ath! Sama verð og á höfuðborgarsvæðinu!

Ath! Verkalýðsfélög veita allt að 100 þúsund króna styrk.

Vinnumiðlanir veita allt að 70 þúsund króna styrk.

Skráning í sínum 892 6570 og 892 6571. Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða.



Ertu orðin(n) áskrifandi? Síminn er 456 4560

Veðurstofa Íslands



Laust starf veðurathugunararmanns í Bolungarvík

Veðurstofa Ísland auglýsir lausa stöðu veðurathugunararmanns á Bolungarvík.

Starfið felst í 8 athugunum á veðri á sólarhring. Starfið krefst nákvæmni, áreiðanleika og áhuga á veðurathugunum.

Um er að ræða tímabundið starf, sem ráðið er í til tveggja ára, laun fara eftir kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veita Óðinn Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Athuguna- og tæknisviðs í síma 5226000 eða í netfangið odinn@vedur.is og Borgar Æ. Axelsson, mannaðsstjóri í síma 5226000 eða í netfangið borgar@vedur.is

Umsóknir sem greina frá menntun, og fyrri störfum skulu berast Borgari Ævari Axelssyni, Bústaðavegi 7-9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is merkt „Veðurathugunir í Bolungarvík“.

Umsóknarfrestur er til og með 16. apríl 2012.

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

www.vedur.is
522 6000

„Fjárhagsáætlanir séu fjárheimildir“

Veltufé frá rekstri Ísafjarðarbæjar árið 2010 var neikvætt um 15,9 millj. króna, og þarf bæjarstjórn að leggja höfuðið í bleyti næstu vikur ef þeir ætla sér að snúa við rekstrarafkomu sveitarfélagsins. Þetta kemur fram í skýrslu Haraldar L. Haraldsson hagræðings, sem unnið hefur úttekt á rekstri Ísafjarðarbæjar. Nú hafa tillögur hans til hagræðingar verið kynntar opinberlega. Markmið skýrslunnar er að koma fram með tillögur að lausn á rekstrar- og fjárhagsvanda sveitarfélagsins. Við vinnslu á skýrslunni studdist Haraldur við gögn frá sveitarfélaginu og bar þau saman við gögn annarra sambærilegra sveitarfélaga, ásamt því að bera

saman rekstrarútgjöld sveitarfélagsins við rekstrarútgjöld 10 annarra sveitarfélaga.

Hafa skal í huga að þau sveitarfélög sem Ísafjarðarbær var borinn saman við eru svipuð bænum hvað stærð íbúafjölda varðar. Halldór vann einnig ítarlega úttekt á rekstri grunnskóla og leikskóla, bæði hvað varðar starfsmannafjölda og annan rekstur og bar saman við sambærilega skóla hvað nemenda- og barnafjölda varðar.

Í skýrslunni kemur fram að Ísafjarðarbær er tuttugasta skuldetasta sveitarfélagið á landinu, miðað við ársreikninga sveitarfélaga árið 2010 og skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af

tekjum. Veltuféreksturs Ísafjarðarbæjar var neikvætt um 15,9 millj. kr. árið 2010. Sé veltufé frá rekstri neikvætt á sveitarfélagið ekki að fullu fyrir daglegum útgjöldum né afborgunum lána. Þaðan af síður á það fé til nýrra framkvæmda. Tekið skal fram að á árinu 2010 var veltufé frá rekstri Ísafjarðarbæjar í fyrsta sinn neikvætt frá árinu 2002. Árið 2010 vantaði sveitarfélaginu því 15,9 millj. kr. til að eiga að fullu fyrir daglegum útgjöldum, auk þess sem það þurfti að standa skil á afborgunum lána og útgjöldum vegna fjárfestinga.

Að mati Haraldar mun mikil peningaleg hagræðing felast í því ef Ísafjarðarbær tekst að láta ein-

staka útgjaldaliði standast áætlun, en Haraldur telur að í sumum tilfellum líti starfsmenn sveitarfélagsins á fjárhagsáætlanir sem áætlun og markmið um útgjöld, fremur en fjárheimild. Haraldur tekur fram að samkvæmt nýjum sveitarstjórnarlögum er ólöglegt að útgjöld fari fram úr fjárhagsáætlun, og sé einungis heimilt ef sveitarstjórn hefur áður samþykkt viðauka við áætlunina. Ef heimila eigi hærra útgjöld verður því að heimildin að eiga sér stað áður en stofnað sé til útgjalda. Í nýjum sveitastjórnarlögum er einnig kveðið á um ólöglegt sé að reka sveitarsjóð með halla samtals þrjú ár í röð. Algengt er að kostnaðarliðir Ísafjarðarbæjar

fari fram úr áætlun.

Að mati Haraldar er mjög mikilvægt að greiðsluáætlun sé gerð fyrir hvern mánuð og að hún sé borin saman við rauntölur, en þessi framkvæmd verður að eiga sér stað með vísan til nýrra sveitarstjórnarlaga. Haraldur telur því mikla vinnu vera framundan hjá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar við að snúa rekstrarafkomu sveitarfélagsins við þannig hún verð jákvað.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar sem haldinn var í síðustu viku var ákveðið að skýrslan yrði opin almenningi, en stefnt er að því að halda íbúafund um skýrsluna þann 11. apríl næstkomandi.

– gudmundur@bb.is

Skólamáltíðir niðurgreiddar um 8,9 milljónir

Forráðamenn nemenda í Grunnskólanum á Ísafirði borga 433 krónur fyrir hverja skólamáltíð en að auki greiðir Ísafjarðarbær skólamáltíðina niður um 210 krónur. Samtals er því greitt fyrir hverja máltíð 643 kr. Í skýrslu um úttekt á rekstri bæjarins segir að á árinu 2010 hafi Ísafjarðarbær niðurgreitt máltíðirnar um 8,9

milljónir króna, þrátt fyrir að það verð sem foreldrarinn borga, sé með því hæsta á landinu. „Eftir því sem skýrsluhöfundur kemst næst, þar sem forráðamenn greiða svo mikið með skólamáltíðum eins og í Grunnskólanum á Ísafirði, fer það langt með að standa undir öllum kostnaði við skólamáltíðir, þar með talin laun

við matargerð,“ segir í skýrslunni.

Þar er lagt til að kannað verði hvort hægt sé að fá verktakann til að lækka verðið á hverri máltíð með hliðsjón af því að kostnaðurinn sé frekar hár miðað við það sem gerist hjá öðrum skólum. Jafnframt verði kannað hvort hægt sé að gera þetta fyrir minni

pening með því að skólinn reki sjálfur mótuneytið eða jafnvel bjóði matinn út að nýju. Í skýrsl-

unni segir jafnframt að nemendur á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri greiði 378 krónur fyrir máltíðina.



Íþróttahúsið á Torfnesi.

Starfsmannahald verði samræmt

Nokkur munur á tekjum Íþróttamiðstöðvanna í Ísafjarðarbæ. Lagt hefur verið til að starfsmannahald Íþróttamiðstöðvanna á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri verði samræmt þannig að launakostnaðurinn verði svipaður á þessum stöðum með það að markmiði að ná niður kostnaði. Þetta kemur fram í skýrslu um úttekt á rekstri bæjarins sem nú hefur verið birt á vef sveitarfélagsins. Þar segir að launaútgjöld séu mjög mismunandi eftir stöðum.

Einnig er lagt til að opnunartími Íþróttamiðstöðva á Þingeyri, Suðureyri og Flateyri verði samræmdur og athugað verði hvort ekki sé hægt að hafa opið um helgar annað hvort á laugardegi eða sunnudegi. Opnunartíminn taki mið af því að það nægi að vera með einn starfsmann yfir

vetramánuðina og ekki sé unnin yfirvinna. Jafnframt er lagt til að skólalahl í Íþróttamiðstöðinni Suðureyri verði endurskipulagð þannig að kennsla fari ekki fram alla virka daga vikunnar.

Þá er lagt til að kannað verði hvort stytta megi opnunartíma Sundlaugarinnar á Ísafirði, a.m.k. um helgar, og einnig hvort þjónustan skerðist mikið við það að loka kl. 21 í stað kl. 21:30 á virkum dögum. Þá er lagt til í skýrslunni að leitað verði eftir því við Héraðssamband Vestfirðinga að þeir annist Torfnesið eins og gert hafði verið ráð fyrir. Mælt er með að teknað verði upp viðræður við HSV um starfsmannahald í Íþróttahúsinu Torfnesi þegar Íþróttavíburðir eru á vegum HSV með það að markmiði að draga úr starfsmannahaldi.

– thelma@bb.is



BRÆÐRABORG

KAFFIHÚS CAFÉ



Skíðaferðir um páskana

Veiðileysufjörður - Skírdagur kl. 10:00
Kannaðu hið ókannaða á skíðum með gómsætu nesti og leiðsögn

Skíðaferð frá Ísafirði - Páskadagur kl. 12:00
Miðfell, Búrfell, Kistufell, Hnífsdalur, Þjófarnir og Tungudalur.
Skotheld fjallaskíðaferð í góðra vina hópi.
Leiðsögn og gómsætt nesti fylgir með.

Bókanir og nánari upplýsingar í síma 456 3322



**Hollur og heitur matur,
kaffi, kökur og göróttir drykkir**

Opnunartími í Bræðraborg um páskana:

Miðv. og fim. (skírdagur) 09:00-24:00
Föstudagur (föstudagurinn langi) og lau. 09:00-01:00
Sunnudagur (páskadagur) 11:00-01:00
Mánudagur (annar í páskum) 11:00-18:00



- SJÁLFBÆRNI
- ARÐSEMI
- UMGENGNI

Kvótakerfið er grundvöllur þess að á Íslandi er rekinn sjálfbær og arðbær sjávarútvegur. Það felur í sér innbyggðan hvata til góðrar umgengni um auðlindir sjávar.

Kvótakerfið gerir fyrirtækjum kleift að skipuleggja veiðar og vinnslu með tilliti til markaðsaðstæðna og byggja upp traust viðskiptasambönd grundvölluð á afhendingaröryggi.

(Heimild: Samantekt LÍÚ um sjávarútveg)



Páll Helgi ehf
Bolungarvík

SALTING ehf

Fiskihóll
Gunnar Leós ÍS-112

Hrúteyri
Bolungarvík

Birta Rós Prastardóttir, nemandi í 6. bekk Grunnskólans á Ísafirði, er mikill fótboltaunnandi og segir það hafa verið draum sem rættist þegar hún fór á leik með Manchester United á heimavelli þeirra Old Trafford gegn West Bromwich Albion fyrir skemmstu. Um 75.000 manns voru á leiknum.



Birta Rós á Old Trafford.

Draumur fótboltastelpu rættist

„Ég er sjálf að spila fótbolta og hef alltaf haft áhuga á fótbolta. Við erum allar fjórar bestu vinkonurnar fyrir fótbolta en höldum með sitt hvoru liðinu, ég held með Manchester United, ein heldur með Arsenal og tvær með Liverpool.“

Birta Rós fór ásamt pabba sínum, Presti Óskarssyni, sem hafði ekki síður gaman af ferðinni. Með þeim í för var einnig afi Birtu Rósar, Karl Guðmundsson, bóndi í Bæ í Súgandafirði, en Birta og hann halda bæði með sama liði.

„Við vorum úti í þrjár nætur og fjóra daga og skoðuðum okkur um en mér fannst mest spennandi að fara á leikinn. Áður fórum við samt í skoðunarferð um Old Trafford sem var mjög skemmtilegt. Þá var fólk sem hafði verið að gífta sig að láta taka myndir af sér á vellinum. Það var mjög gaman að skoða þetta allt en á leiknum var frekar mikið af fólki. Svo voru verðir út um allt og löggur í röðum til að passa að allt væri í lagi.“

Rooney í upphaldi

Aðspurð hvort hún eigi sér upphaldsleikmann í liðinu er Birta Rós fljót að svara:

„Já Wayne Rooney, eða þá



Birta Rós með afa sínum, Karli Guðmundssyni bónda í búningaklefa Manchester United.

Ryan Giggs. Rooney var að spila á leiknum en Giggs var varamaður.“

Til þess að gera upplifunina enn betri var um sigurleik Manchester United að ræða en hann fór 2-0.

„Svo á meðan ekkert að gerast í leiknum fóru menn allt í einu að öskra úr stúkummi en þá höfðu þeir frétt að Manchester City, sem er hitt liðið í bænum, hafi fengið á sig mark í sínum leik og þá brutust út mikil fagnaðarlæti.“

Fór í fótboltaferð í stað Ameríkuferðar

Þó nokkur aðdragandi var að ferðinni hjá þremmingunum.

„Við vorum búin að hugsa um þetta lengi og þegar bekkjarbróðir minn, hann Pétur Ernir, flutti út fannst mér verða að komast út á leik. Þá byrjuðum við pabbi að safna okkur fyrir því en mamma mín og systir fóru til Bandaríkjanna á meðan ég og pabbi vorum bara heima. Ég sagði því að við yrðum að komast í svona fótboltaferð, það var bara ekkert annað hægt.“

Aðspurð segist Birta ekki sjá eftir því að hafa heldur farið Manchester en til Ameríku.

– thelma@bb.is



Leikmenn aðkomuliðsins hita upp fyrir leik.



Birta Rós ásamt föður sínum, Presti Óskarssyni, á leið í skoðunarferð um Old Trafford, heimavöll United.

Lúxus · Rómantík · Úrvals veitingastaður · Mannfagnaðir

GREAT HOTELS
OF THE WORLD
PREMIUM COLLECTION

HOTEL RANGÁ

Luxury Resort & Dining

★★★★

Átt þú stórafmæli á árinu 2012?

... 20 - 30 - 40 - 50 - 60 - 70 - 80 - 90 - 100 ára ...



**Hótel Rangá býður öllum sem eiga stórafmæli
á árinu einstakt afmælistilboð.**

Gisting fyrir tvo á aðeins 2012 krónur
á sjálfan afmældaginn ef haldið er upp á afmælið
með kvöldverði á veitingastað hótelsins.

Nánari upplýsingar á hotelranga.is/IS/afmaeli



Hótel Rangá | 851 Hella | Sími 487 5700 | Fax 487 5701 | hotelranga@hotelranga.is | www.hotelranga.is

Bæjarráð harmar seinagang vegna færslu aðveitustöðvar

Ólíklegt er að hægt verði að hefja framkvæmdir í ár við varnargarða vegna ofanflóða neðan Gleidrahjalla í Skutulsfirði þar sem enn á eftir að færa aðveitustöðina í Stóruurð og lagnir ofan Urðarveggar. Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar telur mikilvægt að lagnirnar séu allar færðar í ár svo hægt verði að hefja framkvæmdir við varnargarðanna á næsta ári. Bæjarráð

Ísafjarðarbæjar lét bóka á síðasta fundi að það harmi seinagang í ákvarðanatöku Landsnets og Orkubús Vestfjarða.

Landsnet og Orkubú Vestfjarða eiga aðveitustöðina í Stóruurð og hafa síðastliðið ár skoðað hvar best væri að byggja nýja aðveitustöð. Þar hafa verið skoðaðir tveir staðir, neðan við núverandi stöð og á Skeiði. Að því er fram kemur í minnisblaði

sviðsstjóra verður ákvörðun ekki ljós fyrr en um miðjan apríl.

Einnig þarf að færa vatnslagnir sem Ísafjarðarbæ er með á framkvæmdasvæðinu auk 66 kV strengs frá Landsneti og tvo strengi frá Orkubúinu. Verði aðveitustöðin á Skeiði þarf Orkubúðið að leggja aukastrengi en hún verður áfram í Stóruurð þarf eingöngu að færa til núverandi lagnir. Jóhann Birkir Helgason,

sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar, hefur upplýst bæjaryfirvöld um að Framkvæmdasýslan hafi tekið að sér það verkefni að skoða færslu lagna á svæðinu og mun leggja fram tillögðu um það um leið og búið er að taka ákvörðun um staðsetningu aðveitustöðvarinnar.

Landsnet og Orkubú Vestfjarða hafa jafnframt gert þá kröfu að

Ísafjarðarbær greiði kostnað vegna færslu lagnanna enda er færslan eingöngu gerð vegna varnargarðanna. Kostnaður við færsluna liggur ekki fyrir en að mati sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar má gera ráð fyrir að hann verði um 60-70 milljónir króna. Ísafjarðarbær á eftir að ræða við Ofanflóðasjóð um aðkomu sjóðsins að umræddu verkefni. – *thelma@bb.is*

Afmælisfögnuður á hárgreiðslustofunni

Geirprúður Charlesdóttir á Ísafirði varð áttæð á þriðjudag í síðustu viku. Er hún fór í sína vikulegu hárgreiðslu á hárgreiðslustofuna Hárkompání var henni komið á óvart með óvæntum glæðningi þar sem starfsfólk stofunnar bauð upp á kaffi og með því í tilefni dagsins. „Hún er búin að koma til okkar einu sinni í viku á Hárkompání frá stofnun þess árið 2001 en þar áður kom hún einu sinni í viku til Siggú Þrastar,“ segir Guðrún Karlsdóttir hjá Hárkompání og bætir við að Geirprúður sé frábær viðskiptavinur.

„Hún er bara alveg yndisleg og það mættu fleiri fylgja dæmi hennar og gera eitthvað fyrir sjálfa sig eins og að fara í hárgreiðslu og blástur einu sinni í viku og láta stjarna við sig.“ Geirprúður verði afkastamikil í margvíslegum ýmsum félagsstörfum í bænum. Hún var ötul í starfi Tónlistarfélagss Ísafjarðar, söng með Sunnukórnum til fjölmargra ára og hefur sinnt formennsku Félagss eldri borgara á Ísafirði. Þá hefur hún setið í nefndum og ráðum sveitarfélagsins og átti sæti í stjórn kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Vestfjarðakjördæmi auk þess sem hún var formaður þess um nokkurra ára skeið og er hún eina konan sem gegnt hefur því embætti.



Afmælisbarnið Geirprúður, fyrir miðju, ásamt starfsfólki Hárkompání, Þórey Mariu Ólafsdóttur, Guðrúnu Karlsdóttur, Sunnevu Sigurðardóttur og Erlu Ernisdóttur.

Páskar og vor í lofti

Stakkur skrifar >

Í dymbilvikunni er öllum hollt að hugsa um boðskap páskana hverrar trúar sem við erum. Það er vafalítið ekki tilviljun hvenær Páskar eru tímasettir. Þá er gróandinn að taka við sér og vor í lofti og vonir vakna um hjartari tíð framundan bæði í eiginlegum og óeiginlegum skilningi. Ekki þarf að kvíða því hér norður undir heimskautsbaug að birta náttúrunnar svíki okkur. Fátt er fegurra á Vestfjörðum en björt vorkvöld sem hafa fólgin í sér óljós loforð um góða tíð framundan með hæfilegri rómantík sem náttúrunni er lagið að læða inn hjá okkur.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mál-efnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Páskar eru mesta hátíð kristinna manna um heim allan og boðskapurinn er ljós en einfaldur um leið. Allt á sér endi en um leið nýtt upphaf. Jesú Kristur var krossfestur og lét lífið þess vegna. Stjórnvöld Rómverja í samvinnu við ráðandi stétt Gyðinga ákváðu að honum skyldi fórnast til þess að hafa hemil á fylgjendum hans. Boðskap hans fylgdi órói og efasemdir um stjórn keisaradæmisins á landinu helga. Í raun skiptir ekki máli hvort sagan af krossfestingu Krists er dæmisaga eða raunveruleg. Hún hefur verið sögð svo oft um tveggja alda skeið að hún er löngu orðin viðurkenndur sannleikur. Hún hefur allt til að bera sem þarf, spennandi efni, góðan framgang og afar athyglisverða skírskotun til mannlegs eðlis. Hjarðhegðuninni sem enginn vill kannast hjá sjálfum sér er gerð góð skil. Hallgrímur

Pétursson, hinn breyski prestur orti um þessa atburði Passíusálma sína sem lesnir eru víðast hvar um Ísland. Sá siður er góður og á ekki að leggjast af. Það er afar undarlegt að stofnun Simon Wiesenthal í Bandaríkjunum sé að skipta sér af því hvort kristnir menn lesi þessar snilldarbókmenntir í kirkjum sínum á Íslandi.

En kannski er þar að finna kjarna mannglegrar hegðunar. Hver skilur heiminn sínum skilningi og þá vill umburðarlyndi sem kristin trú leggur herslu á, að minnsta kosti í orði, hverfa fyrir tilfinningum. Um leið og lagt er upp úr boðskapnum um upprisu, sem er okkur Íslendingum nauðsynleg, sama hvern skilning við leggjum í orðið, er mikilvægt að muna eftir því að umburðarlyndi og virðing fyrir öðru fólki eru nauðsynlegir þættir í samfélagi síð- aðra manna. Í umræðu á Íslandi hefur skort á þessa þætti, einkum eftir hrun. Því verðum við að breyta viljum við á annað borð ná fram á veginn og skila árangri í samfélaginu. Samfélag er einmitt það sem orðið felur í sér og til þess að það megi þrífast verður að virða reglur þess, líka lögina sem stjórnendur í landinu helga skýldu sér á bak við þegar krossfesting átti sér stað. Við verðum einnig að muna að virða trú annarra, en það þýðir ekki að nokkur geti leyft sér að misvirða rétt annarra með trúna að vopni. Ágætu lesendur! Bestu óskir um gleðilega Páska og bjarta tíð framundan.

Nú kemstu örugglega í sund!

Sundlaugin er opin

Sumar **Vetur**

Virka daga frá: 08 til 21 16 til 21

Um helgar frá: 10 til 18 10 til 18

Morgunsund miðvikudaga og föstudaga frá 08 til 10

OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

Skírdag	10-18
Föstudaginn langa	10-18
Laugardag fyrir páska	10-18
Páskadag	10-18
Annan í páskum	10-18



Bolungarvíkurkaupstaður

Íþróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík - Sími: 456 7381

Sjóminjasafnið Ósvör

Sagan í skemmtilegu umhverfi

Ósvör Maritime Museum

www.osvor.is
osvor@osvor.is

Opnunartímar 2012:
Frá 2. júní til 26. ágúst
Opnið alla daga frá 10:00 til 17:00.
Utan þess tíma er opið samkvæmt samkomulagi.



Ósvör Sjóminjasafn

Aðalstræti 21
Bolungarvík
Sími 456-7005 / 892-5744

Grasagarðar Vestfjarða

Westfjords Botanical Gardens

www.grasagardar.is
grasagardar@grasagardar.is

Það vex eitt blóm fyrir vestan



Grasagarðar Vestfjarða

Aðalstræti 21
Bolungarvík
Sími 456-7005

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur

Staður fyrir fróðleiksfúsa

The Natural History Museum in Bolungarvík

www.nabo.is
nabo@nabo.is

Opnunartímar 2012:
Opnið alla virka daga frá 9:00 til 17:00
Frá 2. júní til 26. ágúst
Um helgar frá 13:00 til 17:00
Virka daga frá 9:00 til 17:00.
Utan þess tíma eftir samkomulagi.



Náttúrugripasafn Bolungarvíkur


Vítastígur 3
Bolungarvík
Sími 456-7507

Saga íslenskrar dægurtónlistar rakin

Dr. Gunni rekur sögu íslenskrar dægurtónlistar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði að kvöldi Skírdags, fimmtudagskvöldið 5. apríl. Dr. Gunni fræðir þar áhugasama um söguna í máli, músík og myndum frá því á 19. öld til okkar daga. Hann byggir fyrirlesturinn á samnefndri bók sem kemur út í haust. Dr. Gunni hefur meðal annars spilað í hljómsveitum á borð við Unun, Bless og S.H. Draumi og stjórnar spurningaþættinum Poppunkti, ásamt Felix Bergssyni, sem sýndir eru í Ríkissjónvarpinu.

Fyrirlesturinn verður fluttur í tengslum við rokkhátíðina Aldrei fór ég suður sem haldin verður í níunda sinn um páskana og eins er það liður í atburðarðinni Tónlistin frá ýmsum hliðum sem Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar og Fræðslumiðstöð Vestfjarða gangast fyrir. Fyrirlesturinn verður á milli kl. 20-22. Aðgangur verður ókeypis.

– thelma@bb.is



Að kvöldi skírdags rekur dr. Gunni sögu dægurtónlistar á Íslandi í máli, músík og myndum frá því á 19. öld til okkar daga.



Elfar Logi Hannesson leikhússtjóri Kómedíuleikhússins og Daniel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar við undirskrift samningsins ásamt einhverjum kumpánnum innan leikhússins.

Samstarfssamningur undirritaður

Ísafjarðarbær og Kómedíuleikhúsið á Ísafirði hafa gert með sér nýjan samstarfssamning til tveggja ára. Samningurinn er sambærilegur fyrri samningi sem gildi fyrir árin 2010 og 2011 og er byggður á grundvelli þess að Kómedíuleikhúsið er eina atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum. Megininntak samningsins er að Kómedíuleikhúsið kemur að hátíðarhöldunum á 17. júní með leikatriði. Þá mun leikhúsið standa fyrir fjórum árlegum húslestrum á bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði.

Einnig mun leikhúsið sjá til þess að grunn- og leikskólabörn í Ísafjarðarbæ fái eina leiksýn-

ingu og/eða menningardagskrá á ári. Sýnt verður í skólunum sjálfum og er því um að ræða eina sýningu í hverjum leik- og grunnskóla Ísafjarðarbæjar eða nýu skipti árlega í jafnmörgum skólum. Jafnframt stendur Kómedíuleikhúsið fyrir leiklistarnám-skeiði fyrir börn í Ísafjarðarbæ í tengslum við hátíðina Veturnætur.

Kómedíuleikhúsið hefur vaxið og dafnað ár frá ári og vakið mikla athygli fyrir starfsemi sína, bæði hér heima og erlendis. Það fagnar í ár 15 ára afmæli en það er meðal elstu starfandi sjálfstæðra leikhúsa á Íslandi í dag.

– thelma@bb.is

Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018

Snjóflóðavarnir neðan Klifs á Patreksfirði

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti þann 22. febrúar 2012 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar, 16. desember 2011 til 3. febrúar 2012.

Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar.

Ásthildur Sturludóttir,
bæjarstjóri Vesturbyggðar.



VESTURBYGGÐ

Við óskum útgerð, áhöfn og Trefjum til hamingju með hið glæsilega skip Fríðu Dagmar ÍS 103, sem er nýsmíðil af gerðinni Cleópatra Fisherman 40B, og á heimahöfn í Bolungarvík.

Búnaður frá Ásafl ehf:
ZF 550 A gír.
Griffin forsúur.
Tecnoseal zink.
Cim lensidælar.
Whale lensidæla.
Helac-snúningliður.
Isuzu aðalvél 730 hö.
Eberspächer miðstöð.
Wesmar hliðarskrúfur.
BT-Marine 5 bl. skrúfa.
Tides Marine öxulþétti.
Guidi sjósiur og fittings.
Whale neysluvatnsdæla.
Halyard afgasrör, barkar og stefnirör.
San Giorgio-eyðslumælir.



ÁSAFL EHF

Hjallahraun 2 - 220 Hafnarfj. - s. 562 3833 - 863 5512
www.asafl.is - asafl@asafl.is

Nær allt gisti-rými upppantað

Nær öll gistiheimili á Ísafirði eru uppbókuð yfir páska. Frá með upphafi næstu viku tekur fólk að streyma að til bæjarins, en margir aðkomumenn og brottfluttir Ísfirðingar dvelja á Ísafirði yfir páskana. Að sögn Ingibjargar Sverrisdóttur hjá Gamla gisti-húsinu var orðið fullbókað hjá þeim fyrir jól. Ekki er aðeins fullbókað yfir páskahelgina, heldur einnig frá upphafi dymbilviku. „Fólk er að koma til Ísafjarðar í fermingar, á skíðavikuna og á Aldrei fór ég suður. Bærinn verður fullur af fólki“ segir Ingibjörg.

Á Litla gistihúsinu í Sundstræti er einnig fullbókað yfir páskahelgina, en þó eru enn fáein laus

herbergi aðra daga vikunnar. Fullt er frá fimmtudegi og fram á mánudag. Að sögn Halldórs Þorvaldssonar eiganda Litla gistihússins á fólk það hinsvegar til panta að afpanta á síðustu stundu og því sé aldrei vita hvort pláss losni.

Á Hótel Ísafirði voru enn nokkur herbergi laus í síðustu viku. Kristín Karlsdóttir, móttökustjóri hótelsins hvetur þó alla þá sem ekki enn eru komnir með gistingu, að panta. Bæði eins- og tveggja manna herbergi eru laus. Kristín vill taka fram að ekki sé hægt að leigja í styttri tíma en í þrjár nætur yfir páskahelgina. Með herbergjunum er morgunmat og þráðlaust internet innifalið í verðinu.

CASIO
5x optical og 4x stafrænn aðdráttur. 2,7" skjár, 26mm wide-angle linsa. 720p myndbandsupptaka. Lithium-ion hleðslurafhloða. EXILIMEXZS6BN/PN

Fánæg í Svörtu og bleikur
23.995
Casio 16. 16Gjör myndavél + 4GB SDHC minni kort + Taska

Vefverslun ELKO.is - Símsala 575-8115

KREDITKORT - MILLIFÆRA Í BANKA - RAGGREIÐSLUR



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

Starfsmennirnir undir miklu álagi

Í úttekt á rekstri Ísafjarðarbæjar sem Haraldur L. Haraldsson, hagfræðingur hefur gert, er lagt til að fjöldi stöðugilda á skrifstofu sveitarfélagsins verði tekinn til skoðunar og verksvið hvers starfsmanns verði yfirfarið með það að markmiði að ná fram sem bestri nýtingu á hverjum starfsmanni. Úttektinni segir ennfremur að í viðræðum við starfsmenn á skrifstofu fjármála og stjórnarsýslu sveitarfélagsins, hafi komið fram að mikið álag sé á starfsmönnum sem m.a. stafi af því að verið væri að vinna upp verk sem ekki hafi verið tími til að vinna fyrir. Einnig hafi verið nokkuð um forföll.

Þá er verið að skrá ýmsar upplýsingar í launakerfi bæjarins sem ekki hafi verið tími til að gera fyrir. Að því loknu mun kerfið halda utan um viðverulista, veikindaorlof starfsmanna og fleira. Einnig er verið að taka inn nýtt tímaskráningakerfi vegna yfirtöku á málefnum fatlaðra. „Þetta kerfi á að nýstast vel og

ætti að minnka álagið við launavinnslu. Vegna yfirtöku á málefnum fatlaðra hefur verið aukið álag á starfsmönnum í launavinnslu sem ætti að minnka þegar frá líður,“ segir í úttektinni.

Einnig kemur fram í úttektinni að innheimta hafi verið nokkuð á eftir. Unnið er að því að vinna það upp og hreinsa til í kröfufalista og fleiru. Lagt er til að vinnulagi vegna útsendinga innheimtuseðla verði þannig hagað að þeir verði farnir út ekki seinna en 5. hvers mánaðar. Þá er jafnframt lagt til að bókhaldi sveitarfélagsins verði þannig fyrir komið að afstemmdar upplýsingar úr bókhaldi liggi fyrir eigi síðar en 10. hvers mánaðar.

Lagt er til, ef gera þarf breytingar á ráðningarkjörum starfsmanna, að það verði ekki gert nema samþykki bæjarstjóra liggi fyrir. Þá er einnig lagt til að kannað verði hvort stytta megi opunar- og símatíma skrifstofu til að gefa starfsmönnum meiri vinnufrið. – *thelma@bb.is*



Breyting á aðalskipulagi Reykholahrepps 2006-2018

Hreppsnefnd Reykholahrepps samþykkti á fundi sínum 8. mars 2012 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykholahrepps 2006 - 2018. Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykholahrepps.

Breyting á aðalskipulagi Reykholahrepps fellst í því að skilgreind eru tvö ný svæði með hringtækni á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags, innan jarðarinnar Þórisstaðir. Svæðin fá táknið F6 eins og það hringtákn fyrir frístundabyggð sem fyrir er á jörðinni. Skv. gildandi aðalskipulagi geta svæði sem skilgreind eru með hringtækni verið allt að 5 ha og eru öll þrjú svæðin sem skilgreind eru innan þeirra marka.

Breyting er gerð á texta í kafla 2.3.8, **svæði fyrir frístundabyggð**, í greinargerð aðalskipulagsins. Samhliða er auglýst deiliskipulag Þórisstaða í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Skipulagsuppdrættir, greinargerð og liggja frammi á skrifstofu Reykholahrepps frá 4. apríl til 18. maí 2012. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.reykholar.is. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Reykholahrepps að Maríutröð 5a 380 Reykholár eða á netfangið skrifstofa@reykholar.is merkt „aðalskipulag.“

Reykholár, 29. mars 2012

Bogi Kristinsson Magnúsen, skipulags og byggingafultrúi.

Næsta tölublað BB kemur út fimmtudaginn 12. apríl

Sælkeri vikunnar er Ásgeir Sigurðsson frá Ísafirði

„Krispí“ tandoori kjúklingur

„Ég nenni yfirleitt ekki að nota uppskriftir og elda yfirleitt bara eitthvað random sjött úr því sem til er þá stundina. En þar sem tiltölulega stutt er síðan ég eldaði þetta þá man ég í grófum dráttum eftir því hvað ég notaði. Þetta var bragðgott og reyndist vinsælt á heimilinu, og er ekki einu sinni neitt hryllilega óhollt ef einhver er að spá í svoléiðis hlutum.“

Krispí tandoori kjúlli með arfagumsi
Heill kjúklingur
Tandoori krydd
Smjör
Allskonar arfi (eftir smekk)
Sojasósa
Mango chutney

Kjúlli

Skola óþverran af kjúklingnum og þurrka svo bleytuna af. Velta honum upp úr tandoori þangað til að hann er orðinn skær- rauður og smyrja með bræddu smjöri. Salt, pipar eða bara hvaða krydd sem ykkur þykir gott virkar líka. Blasta hann í ofni á hæsta mögulega hita í ca 15 mín, svo skvettu smá vatni yfir hann og lækka hitann í 160-170 gráður.

Ég lét hann standa á grind en ekki í sullinu, en ef þið fílið að láta hann liggja í eigin sodi, þá fordæmi ég ykkur ekki.


Tíminn í ofninum ræðst af stærð kjúklingsins, en kjúlli í stærra lagi mætti alveg vera klukkutíma í það heila. Taka út og láta standa í 5-10 mín áður en hann er skorinn. Nota safann sem

rennur af sem sósu en fleyta fitunni af ef þið fyrirlítið svoléiðis. Smjórið og blastið í upphafi skila gríðarlega krispí húð.

Arfagums

Ég er engin sérstök arfaeta og þarf því yfirleitt að beita sköpunargáfunni til að gera hann svo mér þyki hann ætur. Með smá trixum er jafnvel hægt að gera hann mjög bragðgóðan!

Gulrætur, sætar kartöflur, paprikur, rauðlaukur, hvítlaukur og hvað sem er sem gengur að steikja, skorið í ræmur, stærð hverra fer eftir smekk. Ég t.d. miða við ca. meðalalsstærð franskra kartaflna. Allt steikt á pönnu upp úr olíu eða smjöri, en sniðugt er að byrja á þeim tegundum sem þurfa smá tíma til að



linast. Þegar allt er orðið örlítið soðið upp úr eigin safu, skvettu sojasósu yfir til að fá smá kikk í þetta og svo mango chutney eftir smekk. Jafnvel er fínt að setja dass af karrí út á þetta og allt hrært saman og smakkað til.

Pudding royal de caramel
Royal karamellubúðingur

Lesið leiðbeiningarnar á pakknum.

Helst kysi ég að hefna mín á Freysteini Gíslasyni með því að skora á hann aftur en það má víst ekki. Ég skora því á Gunnar Briem, trésmið og háskólastúdent frá Ísafirði, að koma með næstu kræsingar.



Við bjóðum góðar framtíðarhorfur



Framtíðarreikningur Íslandsbanka er góð fermingargjöf

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur eða frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru

áfangar í lífinu blasa við. Hann ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki